BÁRA AGNES KETILSDÓTTIR

*Á Heklu ásamt föður sínum og syni*

• heilsa

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




HLJÓMSVEITIN JÚPÍTERS

*Snýr aftur á kvennréttindadaginn*

Júpítersófétið ekki hamið

FÓLK 26






FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. júní 2009 — 135. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

# Útrásin fékk 130 milljarða af útlánum Landsbankans

**Novator Pharma og félög tengd Baugi fengu hæstu lánin hjá útibúi Landsbankans í London. Íslenska útrásin tók til sín 130 milljarða af rúmlega 730. Hart var tekist á um Icesave-samkomulagið á Alþingi í gær.**

**EFNAHAGSMÁL** Heildarútlán Landsbankans í Bretlandi til íslenskra útrásarfélaga námu hið minnsta 130 milljörðum króna af rúmlega 730 milljarða króna útlánasafni. Langhæstu lánin gengu til Novator Pharma, sem er í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar, og félaga tengdra Baugi. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi.

Meirihluti útlána bankans gekk til erlendra félaga en einstök lán til íslenskra fyrirtækja eru margfalt hærri en til þeirra erlendu. Þannig fékk Novator lán að upphæð 205 milljónir punda en hæsta lán til félags í eigu útlendinga var 58 milljónir punda. Útistandandi skuld Novator við Landsbankann nemur um fjörutíu milljörðum króna en skuldir Baugs og tengdra félaga 58 milljörðum króna. Lánið til Novator var tekið til að fjármagna yfirtöku á Actavis, sem greiðir síðan af láninu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins innan úr Landsbankanum voru allar bestu tryggingar Baugs og Novator fyrir þeim stóru lánum frá útibúi Landsbankans sem greint er frá. Af heildarútlánum útibúsins fengu íslensk fyrirtæki átján prósent.

Heimildir Fréttablaðsins herma að af heildarútlánum Landsbankans hafi íslensk félög fengið tólf til fimmtán prósent af heildarútlánum Landsbankans, ef útlán Heritable-bankans, dótturfélags Landsbankans, eru talin með, en þau fóru öll til breskra félaga.

Hart var tekist á um Icesave-samkomulag ríkisstjórnarinnar á Alþingi í gær.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagði niðurstöðuna ásættanlega í því ljósi að strax í október hefði verið búið að gera samkomulag við Hollendinga sem hefði verið mun óhagstæðara. Í raun hefði samningalotan snúist um að vinda ofan af mistökum sem gerð hefðu verið í algleymi efnahagshrunsins í október.

Stjórnarandstaðan fullyrti að samkomulagið væri mistök. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði það „forkastanlegan aumingjaskap“ að fara ekki með málið fyrir dómstóla. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði gagnrýnivert að ríkisstjórnin skýldi sér á bak við ákvarðanir fyrri ríkisstjórnar.

- shá, sh / sjá síðu 8

## ÞRIÐJUDAGUR

### Spandex, gítarar og hárkollur



Kitty Von Sometime er heilinn á bak við nýtt myndband Weird Girls og Agent Fresco.

FÓLK 20

### Breytt viðhorf



Gámaþjónustan er 25 ára. Á síðasta aldarfjórðungi hefur viðhorf til endurvinnslu breyst til hins betra.

TÍMAMÓT 16

### Börn og annað fólk

„Þar var meðal annars glæsileg sýning á myndum úr íslenskum barnabókum sem vakti mikla athygli,“ skrifar Jónína Michaelsdóttir.

Í DAG 14

### Jafntefli í toppslagnum



Þrjú lið eru efst og jöfn í Pepsi-deild kvenna en heil umferð fór fram í gær.

ÍÞRÓTTIR 22

## VEÐRIÐ Í DAG




**ALMENNT ÚRKOMULÍTIÐ** í dag verður hæg norðlæg eða breytileg átt, 3-8 m/s. Léttskýjað allra norðaustast, skýjað með köflum vestan til, annars skýjað og úrkomulítið. Hiti 5-13 stig.

VEÐUR 4




**MÓTMÆLI VIÐ ALÞINGISHÚSIÐ** Fjöldi fólks kom saman við Alþingishúsið í gær til að mótmæla samningi sem ríkisstjórnin gerði um greiðslur vegna Icesave-reikninganna í Bretlandi og Hollandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tryggingarsjóður innstæðna:

## Aðgreining í lok þessa árs

**VIÐSKIPTI Skipta þarf upp Tryggingarsjóði innstæðueigenda til að gera skil á milli skuldbindinga vegna Icesave og trygginga á innstæðum í endurreistu bankakerfi.**



GYLFI MAGNÚSSON

**Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra gerir ráð fyrir að gengið verði frá einhvers konar aðgreiningu undir lok ársins, eða þegar frekari mynd komist á skuldbindingar sjóðsins vegna falls bankanna.**

**Í ársreikningi Tryggingarsjóðs segir að vegna falls bankanna fari kröfur upp á 4,2 milljarða sem sjóðurinn á, í hít með öðrum almennum kröfum. Óvíst er með heimtur. Sjóðurinn er eignalaus og er byrjað að safna í hann frá grunni.**

- óká / sjá síðu 12

Lundinn í Vestmannaeyjum er svo illa staddur að veiðibann er talið nauðsynlegt:

## Lundinn gæti lent á válista

**UMHVERFISMÁL** Lundastofninn í Vestmannaeyjum fellur nú undir skilgreiningar alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna IUCN á fuglum sem setja ber á válista. Nú vantar með öllu þá fjóra árganga sem mynda veiðistofn fuglsins.

Erpur Snær Hansen, sviðstjóri hjá Náttúrufræðistofu Suðurlands, útskýrir að samkvæmt skilgreiningum IUCN sé stofn í miklum vanda hafi honum fækkað um tuttugu prósent á tíu árum. „Samkvæmt útreikningum okkar hefur fuglinum fækkað um 24 prósent á aðeins fjórum árum.“

Erpur segir að lundavarpinu hafi seinkað mjög mikið í ár og líkur séu til að hluti varpstofnsins hætti við varp vegna ætisskorts, en sandsíli er aðalæti hans.

Lundavarpið í Vestmannaeyjum er það stærsta í heiminum. Varpstofninn er tæplega 700.000 pör. Erpur segir dæmið einfalt: Hætta verður lundaveiði um nokkurra ára skeið en sú ákvörðun er á borði bæjaryfirvalda í Vestmannaeyjum. - shá







Fjárhagsleg heilsa

**Ertu læs á fjármál?**

**Kannaðu fjármálalæsi þitt á byr.is.** Það kostar ekki neitt og tekur ekki nema nokkrar mínútur. Fjármálapróf Byrs var þróað í samstarfi við **Stofnun um fjármálalæsi við Háskóla Íslands.** Það metur fjármálalæsi þitt og er sneisafullt af gagnlegum fróðleik um fjármál að auki. Rannsóknir hafa leitt í ljós að um helmingur Íslendinga vill vita meira um fjármál. **Taktu fjármálaprófið á byr.is.**

BYR SPARISJÓÐUR

**SPURNING DAGSINS**



*Tumi, tjáir nokkuð að deila við dómarann í þessari keppni?*

„Nei, þeir sem það gera uppskera þrjú gul spjöld og missa af næstu keppni.“

Kolbeinn Tumi Daðason og Björn Berg Gunnarsson standa fyrir pöbba-spurningakeppni fótboltasíðunnar Sammarinn.com. Fyrsta keppnin var haldin á Enska barnum í gær.

„Húsið er okkar“ hrópuðu mótmælendur sem ruddust inn í Fríkirkjuveg 11 í gær:

# Ruddust inn í hús Björgólfs

**MÓTMÆLI** Tugir mótmælenda ruddust inn í Fríkirkjuveg 11 um klukkan níu í gærkvöldi. Húsið er í eigu Novator, félags Björgólfs Thors Björgólfssonar.

Þegar mest lét voru um þrjátíu manns inni í húsinu og voru þar með háreysti. Á þaki þess var gulur fáni dreginn að húni. Meðal aðgerðarsinna táknar gulur litur að lögreglu verði ef til vill veitt mótspyrna.

Samkvæmt lögreglu fóru mótmælendurnir inn um ólæstar dyr og munu ekki hafa unnið neinar skemmdir á húsinu. Fólkið hafði að mestu yfirgefið húsið skömmu eftir tíu. **- sh**



**FRÍKIRKJUVEGUR 11** Fjöldi lögreglu- og fjölmiðlamanna safnaðist saman til að fylgjast með aðgerðunum. Björgólfur Thor keypti húsið á 600 milljónir árið 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Umhverfisráðuneytið:

## Svelgsárvirkjun þarf ekki í mat

**UMHVERFISMÁL** Ákvörðun Skipulagsstofnunar um að allt að 655 kW virkjun í Svelgsá í Helgafellssveit þurfi ekki í mat á umhverfisáhrifum hefur verið staðfest af umhverfisráðuneytinu. Er þetta úrskurður ráðuneytisins vegna stjórnsýslukæru frá Fuglavernd og eigendum Svelgsár.

Umhverfisráðuneytið segir möguleg áhrif á fiskistofna, fuglalíf og gróðurfar við Svelgsá verði ekki umtalsverð. „Ber í því sambandi að líta til þess að Svelgsárhrauninu verður ekki raskað og þess að hraunið mun að nokkru leyti hylja umrædd mannvirki séð frá þjóðvegi.“ **- gar**



**MIKILL VIÐBÚNAÐUR** Slökkviliðsmenn klæddust eiturefnagöllum til að verjast gufunum. MYND/ÖRLYGUR HNEFILL

Slökkvilið kallað til Grenivíkur:

## Enginn kenndi sér meins eftir ammóníaksleka

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglu- og slökkviliðsmenn voru sendir til Grenivíkur frá Akureyri í gærkvöld eftir að tilkynnt var um ammóníaksleka í togaranum Frosta sem lá við bryggju í Grenivík. Einn maður var um borð þegar lekinn gerði vart við sig og var óttast að hann hefði orðið fyrir eitrun. Svo var þó ekki.

Vindur var úr norðri og um tíma töldu menn hugsanlegt að rýma þyrfti hús í bænum. Björgunarsveitarmenn gengu í hús ásamt lögreglu og athuguðu líðan íbúanna, en enginn kenndi sér meins. **- sh**

**MOSFELLSBÆR**

### Eir kaupir Hlaðhamra

Hjúkrunarheimilið Eir hefur keypt Hlaðhamra, íbúðir fyrir aldraða, af Mosfellsbæ og er það sagt liður í því að auka þjónustu við aldraða. „Við sölu Hlaðhamra til Eirar er gert ráð fyrir því að núverandi íbúar í íbúðum Hlaðhamra njóti sömu kjara og verið hefur meðan þeir dvelja í íbúðunum,“ segir á heimasíðu Mosfellsbæjar.

# Auðlindagjald renni til sveitarfélaganna

**Fram er komin sú hugmynd að auðlindagjaldið sem útgerðin í landinu greiðir ríkinu renni til sveitarfélaganna. Hærra gjald geti komið í stað fyrningarleiðar ríkisstjórnarinnar. Formaður sjávarútvegsnefndar telur leiðina koma til greina.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, hefur varpað þeirri hugmynd fram að auðlindagjald í sjávarútvegi renni til sveitarfélaganna í landinu til að styrkja tekjustofna þeirra. Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna og formaður sjávarútvegsnefndar, tekur vel í hugmyndina.

Þetta kom fram á fjölsóttu málþingi um fyrningarleið ríkisstjórnarinnar í Vestmannaeyjum í síðustu viku. Í umræðum á þinginu kom fram sú hugmynd að í stað þess að fara svokallaða fyrningarleið í sjávarútvegi, þar sem fimm prósent veiðiheimilda verða innkölluð árlega og endurúthlutað, mætti hækka auðlindagjaldið sem lagt er á sjávarútveginn. Viðmælendur Fréttablaðsins á ráðstefnunni, þar á meðal nokkrir þingmenn og útvegsmenn, voru þeirrar skoðunar að ef fyrningarleiðin hefði verið sett á dagskrá fyrir alvöru hefðu sífellt fleiri nefnt hækkað auðlindagjald sem sáttaleið.

Alls hafa á þriðja tug sveitarfélaga ályktað gegn fyrningarleiðinni með þeim rökum að hún grafi undan atvinnulífi sjávarbyggða.

Elliði tók það fram að hann væri á móti auðlindagjaldi á sjávarútveginn, sem í raun væri landsbyggðarskattur. Hann taldi sterkari rök standa til þess að atvinnugreinin nyti skattaívilnana. „Ef það er leið til sátta að hækka gjaldið, kemur þá til greina að auðlindagjaldið rynni til sveitarfélaganna? Ég held að það væri skref til að sýna það að þeir sem vinna fiskinn njóti ávaxtanna. Þetta væri leið til að svara þeim rekstrarvanda sem sveitarfélögin mörg hver glíma við.“

Spurningunni beindi hann til Atla Gíslasonar sem sagðist, eins og Elliði, vera mótfallinn auðlindagjaldi, sérstaklega á eina auðlind. „Það á að skattleggja allar auðlindir,“ sagði Atli. „Hvað varðar tekjustofna sveitarfélaga vitum við að þau standa mörg illa. Það þarf að efla þá og mér líst ekkert illa á þessa hugmynd um að auðlindagjaldið renni til þeirra. Það verður einhvern veginn að styrkja tekjustofnana.“

Útgerðin í landinu hefur greitt 2,6 milljarða króna í auðlindagjald á síðustu fimm árum. Hæstar voru greiðslurnar fiskveiðiárið 2004/5, alls 877 milljónir króna. Þær eru 168 milljónir á þessu fiskveiðiári. Vegna niðurskurðar á þorskkvóta árið 2007 hefur útgerðin greitt lægra auðlindagjald tvö síðustu ár en upphaflega var ráðgert.

**svavar@frettabladid.is**



**VESTMANNAEYJAHÖFN** Ef auðlindagjald rynni til sveitarfélaganna gæti það orðið mikilvægur tekjustofn þeirra á erfiðum tímum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR



**ELLIÐI VIGNISSON**



**ATLI GÍSLASON**

Viðskiptaráðherra á Alþingi:

## Búa sig undir rannsókn ESA

**ALÞINGI Íslensk stjórnvöld hafa búið sig undir að Eftirlitsstofnun EFTA gæti tekið það til rannsóknar hvort setning neyðarlaganna í október og gjaldeyrishafta hafi samrýmst samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þetta sagði Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra á Alþingi í gær.**

**Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, spurði Gylfa hvort rétt væri að stjórnvöldum hefði borist formleg kvörtun frá EFTA vegna þess hversu hægt gengi að endurreisa bankakerfið. Gylfi sagði það ekki eiga við rök að styðjast að því er hann best vissi, en nefndi í framhjáhlaupi mögulega rannsókn. - sh**



**GYLFI MAGNÚSSON**

Aðilar vinnumarkaðarins:

## Stjórnin beðin um útfærslur

**EFNAHAGSMÁL** Aðilar vinnumarkaðarins ræddu í gær við stjórn og stjórnarandstöðu um það hvernig hægt væri að tryggja stöðugleika þrátt fyrir þær ógnanir sem bíða þjóðarinnar í ríkisfjármálum.

„Við kölluðum eftir því að þeir færu í gegnum þessar stærðir og leituðu leiða með okkur í öllum þessum málum,“ sagði Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, eftir fundinn. „Mér heyrðist á viðbrögðum að þeir hefðu hug á því.“ Hann segir ASÍ vilja fá að sjá útfærslu ráðuneytanna á því hvað eigi að gera í ríkisfjármálunum næstu ár til lengri og skemmri tíma.

Vinnuhópur um efnahags- og atvinnumál lauk vinnu sinni og verður afraksturinn kynntur á næstu dögum. **- jse**





LANDSLÖG
SLYSABÆTUR
Sími: 520 2900
landslog.is


Ætlar að einbeita sér að ritstörfum eftir hálft fjórða ár á Fréttablaðinu:

# Þorsteinn hættir sem ritstjóri

Þorsteinn Pálsson hefur ákveðið að láta af störfum sem ritstjóri Fréttablaðsins á föstudaginn kemur. Þorsteinn lætur af störfum að eigin ósk en mun áfram skrifa greinar um stjórnmál og þjóðfélagsmál í Fréttablaðið og einnig á fréttavefinn Vísi. Þorsteinn greindi ritstjórn blaðsins frá þessari ákvörðun sinni í gær.

Jón Kaldal mun eftir brotthvarf Þorsteins einn gegna starfi ritstjóra Fréttablaðsins, en við hlið hans starfar Steinunn Stefánsdóttir aðstoðarritstjóri.

Aðspurður segir Þorsteinn um ákvörðun sína að hann hafi viljað hafa meira tóm til eiginlegra ritstarfa. „Þau verða meðal annars á síðum Fréttablaðsins en með nokkuð öðrum hætti en verið hefur, eins og gefur að skilja. Þetta hefur verið sérlega ánægjulegur og gefandi tími fyrir mig. Fréttablaðið hefur smám saman verið að festa sig í sessi og styrkjast. Kannanir sýna að yfirburðir þess í lestri hafa aukist. Breyttum aðstæðum í efnahagslífinu hefur á síðustu mánuðum verið mætt með hagræðingu. Blaðið er því á réttri siglingu nú. Þetta er að mínu mati ákjósanlegur tími til að gera breytingar á persónulegum högum.“ **- shá**



**ÞORSTEINN PÁLSSON** Hættir sem ritstjóri en mun þó áfram skrifa greinar í Fréttablaðið.



Risa frelsi!
0 kr. innan kerfis
5 vinir óháð kerfi
Þú hefur aldrei upplifað annað eins
0 kr. innan kerfis, 5 vinir óháð kerfi og inneign fylgir
Kynntu þér málið á vodafone.is eða hringdu í 1414
Ekki sætta þig við neitt minna
Lifðu núna
vodafone
Fyrir 990 kr. færð þú 5 vini óháð kerfi og 500 kr. inneign.
Fyrir 1.990 kr. færð þú 1000 SMS óháð kerfi, 1.990 kr. inneign og hringir fyrir 0 kr. innan kerfis.
Fyrir 2.990 kr. færð þú 5 vini og 1000 SMS óháð kerfi, 2.500 kr. inneign og 0 kr. innan kerfis.

## GENGIÐ 08.06.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,58 | 127,18 |
| Sterlingspund | 200,70 | 201,68 |
| Evra | 175,15 | 176,13 |
| Dönsk króna | 23,515 | 23,653 |
| Norsk króna | 19,488 | 19,602 |
| Sænsk króna | 16,001 | 16,095 |
| Japanskt jen | 1,2821 | 1,2895 |
| SDR | 193,45 | 194,61 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
213,5465

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Olíufélögin lækka verð eftir að hafa ofrukkað neytendur í hálfa aðra viku:

# Segjast hafa hækkað fyrir mistök

**NEYTENDUR** Stóru olíufélögin þrjú, N1, Skeljungur og Olís, lækkuðu í gær verð á bensínlítra um 12,5 krónur. Þau hafa ofrukkað neytendur um þá upphæð síðustu hálfa aðra viku, eða frá því að Alþingi samþykkti breytingar á neyslusköttum fyrir 28. maí.

Olíufélögin tilkynntu öll í gær að um mistök hefði verið að ræða þegar verðið var hækkað strax í kjölfar lagabreytingarinnar. Innan félaganna hefðu menn staðið í þeirri trú að breytingarnar á tollgjöldunum hefðu tekið til þeirra birgða sem hefðu verið komnar til landsins en ekki verið tollafgreiddar. Svo hefði hins vegar ekki verið, og því ekki tilefni til hækkana fyrr en þegar næsta sending bærist þeim.



**OF DÝRT** Bensínlítrinn hefur verið tólf og hálfri krónu of dýr síðustu ellefu daga.

Skeljungur bauðst til að endurgreiða viðskiptavinum sem keypt hefðu bensín á þessum tíma mismuninn gegn framvísun kvittunar. N1 ætlar að gefa hagnaðinn til góðgerðarmála.

Runólfur Ólafsson, formaður Félags íslenskra bifreiðaeigenda, segist munu kalla eftir því í dag að Samkeppniseftirlitið taki málið til skoðunar.

Hann er efins um eftiráskýringu olíufélaganna þess efnis að um hrein og klár mistök hafi verið að ræða. „Ég ætla þessum fyrirtækjum það, eins og öðrum aðilum á markaði, að þau geti kynnt sér út á hvað nýjar reglur ganga,“ segir Runólfur. - sh

Náttúrulækningafélag Íslands:

# Á móti erfðabreyttu byggi

**UMHVERFISMÁL** Náttúrulækningafélag Íslands leggst alfarið gegn því að fyrirtækinu Orf líftækni ehf. verði veitt leyfi til útiræktunar á erfðabreyttu byggi sem inniheldur lyfjaprótín. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá félaginu. Eins og fram hefur komið í fréttum stefnir Orf líftækni ehf. að því að hefja slíka ræktun í Gunnarsholti í sumar.

„Félagið telur að mengun íslenskrar náttúru og nytjalands af völdum erfðabreyttra lífvera verði ekki forðað nema þær séu ræktaðar innandyra og í lokuðu kerfi undir ströngu eftirliti,“ segir í tilkynningunni. - sh

Hörð fíkniefni í flugvél:

# Fleiri hundruð grömm fundust

**LÖGREGLUMÁL** Fleiri hundruð grömm af hörðum fíkniefnum fundust á salerni flugvélar sem var á leið til landsins nú nýverið. Talið er að starfsmanni á flugvallarsvæði hafi verið ætlað að sækja efnin og koma þeim út af svæðinu, að því er segir í frétt frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum.

Tveir menn hafa setið í gæsluvarðhaldi vegna málsins en öðrum þeirra hefur nú verið sleppt úr haldi. Rannsókn málsins heldur áfram. Samtals hefur Lögreglustjórinn á Suðurnesjum lagt hald á um 15,5 kíló af fíkniefnum það sem af er árinu. - jss



**MIKLIGARÐUR** Hrossin sem hafði verið lógað voru í landi Miklagarðs. Mynd úr safni.

Ranghermt um hestadauða:

# Hrossin voru frá Miklagarði

**Dauð hross sem voru urðuð á Mýrum og sagt var frá í Fréttablaðinu í gær voru í landi Miklagarðs og voru urðuð þar.**

**Þetta atvik er eiganda Ánastaða algerlega óviðkomandi og er hann beðinn velvirðingar á mistökunum.**

## DÓMSTÓLAR

### Sviptur og stungið inn

Tæplega þrítugur maður hefur verið dæmdur í fimmtán daga fangelsi og sviptur ökurétti í tvö ár vegna aksturs undir áhrifum fíkniefna. Hann reyndist óhæfur til að stjórna bifreið þegar lögreglan tók hann undir stýri.

# Lánuðu 100 milljónir án leyfis borgarinnar

**Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar segir Glitni hafa farið út fyrir heimildir með því að lána 100 milljónir króna af fé borgarinnar til stækkunar á félagsheimilinu Stapa í Reykjanesbæ. Skammtímavíxli verður breytt í langtímalán.**

**REYKJAVÍKURBORG** Glitnir tók í fyrra 100 milljónir króna af fé sem bankinn gætti fyrir Reykjavíkurborg og lánaði Fasteign ehf. vegna stækkunar á félagsheimilinu Stapa. Ekki hefur verið staðið í skilum með lánið og samþykkti borgarráð að breyti láninu úr skammtímavíxli í langtímaskuldabréf.

„Fyrir liggur að fjármálaskrifstofa mótmælti við Glitni víxilkaupum eignastýringar bankans um leið og fjármálaskrifstofa fékk upplýsingar um þau síðastliðið sumar enda hafi eignastýringin farið út fyrir heimild sína með þeirri ráðstöfun,“ segir í bókun meirihluta borgarráðs. Fara á yfir aðdraganda ákvörðunar eignastýringar Glitnis um að fjárfesta fyrir hönd borgarinnar í víxlinum.

Eitt hundrað milljónirnar frá borginni voru hluti 1.210 milljóna króna fjármögnunar á byggingu Fasteignar ehf. á svokallaðri Hljómahöll í Reykjanesbæ. Fasteign gaf af þessu tilefni út víxla til eins árs í maí í fyrra en hugðist síðan leita fjármögnunar til lengri tíma. Eigendur þessara víxla í dag eru Glitnir með 460 milljónir króna, Íslandsbanki með 390 og Reykjavíkurborg og aðrir fagfjárfestar með 360 milljónir.

Hljómhöllinni tilheyrir félagsheimilið Stapi, Tónlistarskóli Reykjanesbæjar og Poppsögusýning Íslands. Framkvæmdir hafa tafist og kostnaður aukist mikið. Opnun tónlistarskólans og Poppsögusýningarinnar hefur verið frestað. Langtímafjármögnun hefur ekki fengist og þar sem byggingin er ókláruð skilar hún engum tekjum.



**HJÓMAHÖLLIN** Efnahagskreppan hefur kollvarpað fyrri áætlunum um Hljómahöllina í Reykjanesbæ.

Að fenginni umsögn borgarlögmanns og fjármálastjóra borgarinnar ákvað meirihluti borgarráðs, eins og aðrir kröfuhafar, að breyta víxlinum í skuldabréfalán gegn veði í Hljómahöllinni. Þannig væri hægt að ljúka byggingunni svo hún skilaði tekjum. Í endurfjármögnuninni lánar Íslandsbanki 480 milljónir til viðbótar.

Fulltrúar minnihlutans í borgarráði eru ósáttir. Þorleifur Gunnlaugsson, fulltrúi VG, sagði það ekki hafa verið kynnt nægilega vel og greiddi atkvæði á móti.

Björk Vilhelmsdóttir og Oddný Sturludóttir, fulltrúar Samfylkingarinnar sátu hjá. Þær spurðu af hverju borgarráð hefði ekki fengið upplýsingar um málið fyrr en víxillinn var kominn á gjalddaga – ári eftir lántökuna. Kanna þyrfti hvort til væru önnur sambærileg dæmi og fara „rækilega yfir tilurð þess að Glitnir skyldi ráðstafa fjármunum Reykjavíkurborgar til fasteignaframkvæmda í Reykjanesbæ.“ gar@frettabladid.is

Háskóli Íslands:

# Fyrirlestur um bankahrunið



GUÐNI TH. JÓHANNESSON

**FYRIRLESTUR „Hvað gerðist eiginlega í bankahruninu?“ er titillinn á opnum hádegisverðarfyrirlestri sem Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur heldur í Háskóla Íslands á morgun. Þar fjallar Guðni, sem er lektor við Háskólann í Reykjavík, um rannsóknir sínar á aðdraganda og eftirmálum bankahrunsins.**

**Guðni, sem hefur nýlega gefið út bókina Hrunið, mun í fyrirlestrinum fara yfir helstu niðurstöður sínar og svara spurningum. Fundarstjóri er Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði. Fyrirlesturinn fer fram í stofu 101 í Lögbergi og er öllum opinn.** - kg

Hrefnukjötssalan:

# Vinsælasta grillkjötið

**SJÁVARÚTVEGUR** Um tvö tonn af hrefnukjöti hafa selst í verslunum Krónunnar en það kom fyrst í búðir um mánaðamótin. „Þetta er alveg glæsilegt, salan er núna um þrisvar sinnum meiri en síðast,“ segir Ólafur Júlíusson, sölustjóri Krónunnar.

„Þetta er vinsælasta grillkjötið það sem af er júnímánuði, hefur slegið öllu hinu hefðbundna grillkjöti við,“ bætir hann við. Sjö hrefnur hafa verið veiddar í sumar en hrefnuveiðibáturinn Jóhanna var að láta úr höfn í gær að sögn Gunnars Bergmanns Jónssonar, framkvæmdastjóra Félags hrefnuveiðimanna. Er ætlunin að taka þrjár í þeim túr, sem stendur í tvo til þrjá daga. - jse




## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson**
Veðurfræðingur

**RÓLEGT YFIR AÐ LÍTA**
Næstu dagar verða ekki ólíkir því sem verið hefur, vind- og úrkomulítið. Á hinn bóginn má segja að gráðurnar mættu vera hærri en hitinn verður að dóla þetta á bilinu 5-13 stig, hlýjast til landsins syðra en svalast við norðurströndina. Helst er að sjá dropa nálægt jöklum á suður- og suðausturlandi og á stöku stað á hálendinu.



**Á MORGUN**
Hæg, breytileg átt.

**FIMMTUDAGUR**
3-8 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Amsterdam | 19° |
| Basel | 22° |
| Berlín | 20° |
| Billund | 12° |
| Eindhoven | 21° |
| Frankfurt | 21° |
| Friedrichshafen | 23° |
| Gautaborg | 20° |
| Kaupmannahöfn | 17° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 19° |
| New York | 25° |
| Orlando | 32° |
| Osló | 17° |
| París | 20° |
| Róm | 27° |
| Stokkhólmur | 17° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

www.plusferdir.is

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# SÓLAR sprettur

## 8.-9. júní

## 2000 FERÐIR Á ÓTRÚLEGU VERÐI!

Verð frá: **Aðra leið með sköttum.**

# 9.900 kr.

**Flugfar aðra leið til 8 áfangastaða í Evrópu!**

## TILBOÐIÐ GILDIR AÐEINS Í 2 DAGA FRÁ MÁN. 8 JÚNÍ!!

Nánari upplýsingar
og bókanir á www.plusferdir.is

plús FERÐIR

**PLÚSFERÐIR** – Lágmúla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100

VISA MasterCard

www.plusferdir.is

## KJÖRKASSINN



*Telur þú að Íslendingar hafi náð hagstæðum samningi í Icesave-deilunni?*

| | |
|---|---|
| Já | 22% |
| Nei | 78% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Hefurðu grillað eftir að sumarið gekk í garð?*

Segðu skoðun þína á visir.is.

Bandarískar blaðakonur sem hafa verið í haldi í Norður-Kóreu í þrjá mánuði:

# Dæmdar í tólf ára þrælkun

**NORÐUR-KÓREA, AP** Tvær bandarískar fréttakonur voru í gær dæmdar í tólf ára þrælkunarvinnu í Norður-Kóreu. Þær voru dæmdar fyrir að hafa gerst sekar um fjandskap við norður-kóresku þjóðina og að hafa farið ólöglega inn í landið.

Fréttakonurnar Laura Ling og Euna Lee voru við störf ásamt leiðsögumanni og myndatökumanni við landamæri Kína og Norður-Kóreu í mars, þegar þær voru handteknar. Leiðsögumaðurinn og myndatökumaðurinn komust hins vegar undan. Ekki er ljóst hvort þær höfðu farið inn fyrir landamæri Norður-Kóreu eða ekki.




**MÓTMÆLI** Dómi yfir bandarísku fréttakonunum tveimur, Eunu Lee og Lauru Ling, var mótmælt í Suður-Kóreu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Barack Obama Bandaríkjaforseti lýsti í gær yfir áhyggjum sínum af málinu og sagði að allt yrði gert til að fá konurnar lausar. Áður hafði utanríkisráðherrann, Hillary Clinton, sagt ásakanir á hendur konunum vera tilhæfulausar. Óttast er að Norður-Kóreumenn muni nota konurnar í deilum sínum við Bandaríkjamenn og fá tilslakanir í skiptum fyrir að þeim verði sleppt. Samskipti milli ríkjanna tveggja verða sífellt stirðari, nú síðast eftir nýlegar eldflaugatilraunir Norður-Kóreumanna. Talið er að þeir muni gera fleiri tilraunir á næstu vikum. Ættingjar kvennanna tveggja hafa biðlað til ríkjanna að blanda máli þeirra ekki inn í deilur ríkjanna. - þeb

Flugslysið á Atlantshafi:

# Sautján lík úr flugslysi fundin

**BRASILÍA, AP Björgunarmenn höfðu í gær fundið lík sautján farþega úr flugvél Air France sem fórst á Atlantshafi í síðustu viku. Líkin fundust um þúsund kílómetra frá slysstaðnum. Að auki hefur talsvert af braki fundist í sjónum.**

**DNA-sýni hafa verið tekin úr ættingjum þeirra sem voru um borð í vélinni til þess að hægt sé að bera kennsl á líkin. Rannsókn á slysinu beinist nú að meira leyti að athugun á því hvort hraðaskynjarar vélarinnar hafi verið bilaðir. Að sögn talsmanns frá Air France er verið að skipta um hraðaskynjara í Airbus-vélum félagsins.** - þeb






# Sömu kröfur gerðar til bankastjóranna

**Tveir af þeim sem metnir voru mjög vel hæfir til stöðu aðstoðarseðlabankastjóra voru metnir vel hæfir til stöðu seðlabankastjóra. Sömu hæfniskröfur eru gerðar. Lögfræðingur segir matsnefndir hafa vald til að ákveða hvað henti starfinu.**

**STJÓRNSÝSLA** Tveir voru metnir mjög vel hæfir í stöðu Seðlabankastjóra, Már Guðmundsson og Arnór Sighvatsson, en þrír voru metnir vel hæfir. Þeirra á meðal voru Yngvi Örn Kristinsson og Tryggvi Pálsson. Báðir sóttu þeir einnig um stöðu aðstoðarseðlabankastjóra og voru metnir mjög vel hæfir til hennar. Sömu hæfniskröfur eru gerðar til seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra.

Í lögum um Seðlabanka Íslands segir það eitt að seðlabankastjóri og aðstoðarseðlabankastjóri „skulu hafa lokið háskólaprófi í hagfræði eða tengdum greinum og búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum.“

„Einu lagafyrirmælin eru um þessa prófgráðu,“ segir Jónas Haralz, formaður matsnefndar sem hafði það verkefni að meta hæfni umsækjenda um báðar stöðurnar.

Um ástæðu þess að Tryggvi og Yngvi hafi verið metnir mjög vel hæfir til aðstoðarseðlabankastjóra en vel hæfir til Seðlabankastjóra, segir Jónas að ýmislegt geti komið til greina. „Það sem kæmi til greina væri til dæmis reynsla manna og verkefni sem þeir hafa unnið að,“ segir Jónas. Hann segist ekki geta gefið nákvæmari upplýsingar um hvað hafi ráðið niðurstöðu nefndarinnar.

Álfheiður Ingadóttir, formaður viðskiptanefndar sagði við aðra umræðu í meirihlutaáliti viðskiptanefndar um frumvarpið að sömu hæfniskröfur væru fyrir seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra.

Trausti Fannar Valsson, lektor í stjórnsýslurétti við lagadeild Háskóla Íslands, segir ræðuna geta verið lögskýringargagn ef málið fari til Umboðsmanns Alþingis eða til dómstóla. Hann segir að almenna reglan sé sú að sá sem veiti starf hafi vald til að ákveða hvað henti starfinu og hvað lagt sé áhersla á við matið.

„Þótt sömu almennu hæfisskilyrði gildi getur verið einhver sérstök áhersla sem forsætisráðherra kann að leggja til grundvallar,“ segir Trausti.

Birgir Ármannsson, sem flutti ræðu fyrir minnihluta viðskiptanefndar í umræðu um frumvarpið, segir að í lögunum hafi verið gert ráð fyrir að sömu hæfisskilyrði giltu um báðar stöðurnar.

„Auðvitað er við ráðningar í störf byggt á einhverju mati og auðvitað getur verið mismunandi mat varðandi það hvort um aðal- eða aðstoðarseðlabankastjóra er að ræða,“ segir Birgir. vidirp@frettabladid.is



**SEÐLABANKINN** Sömu hæfniskröfur gilda um æðsta og næstæðsta stjórnanda Seðlabankans.

### ÚR TILKYNNINGU TIL NEFNDARINNAR

**Í tilkynningu forsætisráðuneytisins til nefndarinnar kemur fram að hún eigi að hafa eftirtalin atriði til hliðsjónar:**

1. menntun
2. starfsferill
3. reynsla og þekking á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum
4. stjórnunarhæfileikar
5. hæfni í mannlegum samskiptum

### ÚR RÆÐU ÁLFHEIÐAR INGADÓTTUR



„Auk þess að skipa seðlabankastjóra þá skuli forsætisráðherra skipa aðstoðarseðlabankastjóra sem skuli vera staðgengill bankastjóra og er lagt til að um skipun, skipunartíma og hæfniskröfur gildi sömu reglur og um seðlabankastjóra.“

*Álfheiður Ingadóttir, formaður viðskiptanefndar, 20. febrúar 2009.*






Fulltrúar frá Greenpeace eru staddir hér á landi:

# Segja innflutning vinargreiða

**SJÁVARÚTVEGUR** Fulltrúar frá Greenpeace eru staddir hér á landi og segja þeir tilgang ferðarinnar vera þann að funda með stjórnvöldum hérlendis en einnig að koma upplýsingum varðandi hvalveiðar á framfæri við almenning.

„Í fyrsta lagi er enginn markaður fyrir hvalkjöt í Japan,“ segir Wakao Hanaoka, japanskur fulltrúi samtakanna. „Ég hef rætt við Masaru Teshima hjá Asian Trading Co. Ltd. sem hefur flutt inn hvalkjöt frá Kristjáni Loftssyni [framkvæmdastjóra Hvals]. Hann segist hafa gert það sem vinargreiða við Kristján og hann hafi átt í vandræðum með að losna við kjötið og hyggist ekki flytja meira inn.“ Hann hefur veitt fjölmiðlamönnum upptöku af samtalinu við Teshima og útprentun á því á ensku.



**FULLTRÚARNIR** Wakao, Martin og Sara Holden. Fyrir framan þau er Ingveldur Birna Martinsdóttir Norman. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kristján segir þetta vera uppspuna frá Greenpeace. „Það sér það hver heilvita maður að við værum ekki að leggja í alla þessa vinnu ef við gætum ekki selt kjötið,“ segir hann.

„Þeir geta sagt hvað sem þeir vilja en það breytir því ekki að við eigum ekki í neinum vanda með að selja kjötið.“

Martin Norman, norskur fulltrúi samtakanna, segir að þau hafi reynt að fá fund með íslenskum stjórnvöldum. „Enn hefur það ekki tekist enda hafa menn nóg að gera á þeim bænum,“ segir hann kankvís. - jse

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

Skráðu þig í netklúbbinn – VITA.is



# Tyrkland

Þú getur notað Vildarpunktana hjá okkur.
15.000 punktar gilda sem 10.000 kr.

# Bodrum

## Vinsælasti sólarstaðurinn á Tyrklandi

Bodrum er einn allra vinsælasti sólarstaðurinn á vesturströnd Tyrklands við Eyjahaf þar sem sólin skín nánast allt árið um kring. Freistandi baðstrendur, fyrsta flokks þjónusta og gnægð veitingastaða og verslana.

**TYRKLAND ÓDÝRAST!**
Hvergi ódýrara að lifa á sólarstöðum sumarið 2009!

- 05. jún. - uppselt
- 12. jún. - 4 sæti laus
- 19. jún. - uppselt
- 26. jún. - fá sæti laus
- 03. júl.
- 10. júl.
- 17. júl.
- 24. júl.
- 31. júl - uppselt
- 07. ág.
- 14. ág. - fá sæti laus
- 28. ág.
- 05. sep.
- 12. sep. - 5 sæti laus
- 19. sep. - uppselt









### Club Pedalisa ★★★

Vinalegt íbúðahótel í skandinavískum stíl á góðum stað, miðsvæðis í Gumbet, í stuttu göngufæri frá ströndinni.

**Verð: 79.900 kr.**
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi í 7 nætur, 10 júlí.

### Magnific ★★★★

Hótel á góðum stað við ströndina í Gumbet. Gengið er beint úr sundlaugargarðinum út á ströndina. Iðandi mannlíf og líflegur bærinn er í næsta nágrenni.

**Verð: 104.900 kr.**
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna tvíbýli í 7 nætur, 10. júlí.

### VITA býður einnig

**Alicante**

Beint leiguflug á miðvikudögum til 24. september.
**Verð frá: 54.900 kr.**
flug fram og til baka með flugvallasköttum, 19. ágúst.

### Ótal fleiri gistimöguleikar á VITA.is

**Beint flug vikulega til Tyrklands til 19.september**

**Þú færð Vildarpunkta hjá VITA.**
Vildarklúbbsfélagar fá 2.500 Vildarpunkta fyrir hverja ferð í leiguflugi VITA.

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | www.VITA.is

vita

VITA er lífið

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 46501 06.09

## Samningurinn um skuldbindingar vegna Icesave

### Rætt við mótmælendur á Austurvelli í gær

**HJÖRLEIFUR HJÖRLEIFSSON, RAFVIRKI**



„Ég er ósáttur við Icesave-samningana og reyndar margt annað. Það er meiri óánægja með samninginn en margir gera sér grein fyrir.“

**SÆMUNDUR GÍSLASON, HÚSGAGNASALI**



„Ég kom hingað til að mótmæla þessu rugli. Ég er mjög óánægður og treysti því að mótmælin beri árangur. Þetta er bara byrjunin.“

**ARNÓR INGVARSSON, NEMI**



„Ég er hér til að sýna stuðning. Ég sé enga ástæðu til að þjóðin eigi að borga fyrir eitthvað sem nokkrir einstaklingar gera.“

**ÁGÚSTA KARLSDÓTTIR, ATVINNULAUS**



„Ég er mjög ósátt við að þurfa að borga skuldir fyrir aðra, því ég borga mínar skuldir sjálf. Þess vegna ákvað ég að hjóla hingað niður eftir úr Kópavogi. Fólk er reiðara núna en það var í haust.“

**TRISTAN DEPENNE, LEIÐSÖGUMAÐUR**



„Ég átti leið hjá en vissi ekki af þessum mótmælum fyrir fram. En þetta er ágætt, það er gott að einhver segir eitthvað.“

**ARNDÍS EINARSDÓTTIR, NEMI**



„Ég er reið. Ég er ekki alþingismaður og það er ekki mitt að finna lausnina á þessum málum, en þetta samkomulag er ekki rétta lausnin. Ég vona að mótmælin skili árangri, þess vegna er ég hér.“



**MÓTMÆLI** Icesave-samkomulagið var rætt á Alþingi í gær. Hátt í þúsund manns mótmæltu fyrir utan. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fimm voru handteknir:

### Hátt í þúsund mótmæltu

Hátt í þúsund manns söfnuðust saman fyrir framan Alþingishúsið í gær til að mótmæla Icesave-samkomulaginu sem kynnt var á Alþingi í gær. Nokkuð var um að viðstaddir berðu á búsáhöld eins og í mótmælunum í byrjun árs. Fimm voru handteknir fyrir að óhlýðnast lögreglu, að sögn Egils Bjarnasonar yfirlögregluþjóns.

Margir báru skilti með áletrunum sem vísuðu til mikillar óánægju með samkomulagið, eins og „Hvers vegna ætti ég að borga?“ Barið var á glugga í þinghúsinu og nokkrir létu smápeningum rigna yfir húsið. Þá var kveikt í stórum kyndli, sem lögregla slökkti í með slökkvitæki, og björgunarbát sem á stóð „IceSlave“ komið fyrir framan dyr þinghússins.

Gert er ráð fyrir að um daglegan viðburð verði að ræða þar til komið verður í veg fyrir að Icesave-samningurinn verði að veruleika. - kg

# Verra samkomulag í haust

**Fjármálaráðherra segir forvera sinn hafa gert skriflegt samkomulag um lyktir Icesave-málsins við Hollendinga í október. Það hafi verið mun verra en nýi samningurinn og bundið hendur samninganefndarinnar.**

Skriflegt samkomulag um uppgjör Icesave-reikninga í Hollandi lá fyrir milli íslenskra og hollenskra yfirvalda örfáum dögum eftir bankahrunið í haust, hinn 11. október. Það samkomulag var mun óhagstæðara fyrir Íslendinga en það sem nú hefur verið undirritað. Þetta fullyrti Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra á Alþingi í gær, þegar hann flutti þinginu skýrslu um málið.

Þá sagðist Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra hafa komið í veg fyrir að sams konar samkomulag yrði gert við Breta.

Samkomulagið sem gert var við Hollendinga var afrakstur viðræðna Árna Mathiesen, þáverandi fjármálaráðherra, við starfsbróður sinn í Hollandi. Samkvæmt Steingrími fól það í sér að íslenska ríkið tæki lán til tíu ára, afborgunarlaust en með fullum vöxtum í þrjú ár, á 6,7 prósenta vöxtum.

Steingrímur segir það hafa verið verkefni nýrrar samninganefndar, undir forystu Svavars Gestssonar, að vinda ofan af því samkomulagi. Samninganefndir Hollendinga og Breta hafi linnulítið vitnað til minnisblaðsins frá því í október í viðræðunum, síðast á fimmtudag, og í ljósi þess hversu minnisblaðið var íslensku nefndinni mikill fjötur um fót sé niðurstaðan sem kynnt var á laugardag glæsileg og sú besta sem unnt var að ná úr þessu.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, gagnrýndi samningana sem náðst hefðu og að óvissan um heimtir af eignum Landsbankans væri öll á reikning Íslendinga. Þá skyldu íslensk stjórnvöld ekki skýla sér á bak við það að „fyrri stjórnvöld hafi verið á leiðinni að gera einhverja samninga sem aldrei stóð til að gera“.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, sagði að hafa þyrfti í huga að á þeim tíma sem samkomulagið við Hollendinga hefði verið undirritað hefðu allt að því legið fyrir hótanir um að lokað yrði fyrir olíu- og matvælaflutninga til landsins.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, kallaði það forkastanlegan aumingjaskap af stjórnvöldum að ætla ekki að fara með málið fyrir dómstóla. „Þetta er versti samningur sem íslensk ríkisstjórn hefur nokkurn tímann hugleitt að skrifa undir. Þennan samning má ekki staðfesta,“ sagði hann.

Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra sagði dómstólaleið ekki koma til greina. Þá fengju Íslendingar ekki nauðsynleg lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Norðurlöndum, auk þess sem borin von væri að stýrivextir lækkuðu og við brytum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Þar að auki hefðu ríki lagalegan rétt til að neita að fara með mál fyrir dómstóla og við það væri að etja í þessu tilviki.

**stigur@frettabladid.is**

#### ÓLÍKAR NIÐURSTÖÐUR VIÐRÆÐNANNA

| Samkomulagið við Hollendinga í október | Nýja samkomulagið |
|---|---|
| ■ Lán til tíu ára | ■ Lán til fimmtán ára |
| ■ Afborganalaust í þrjú ár | ■ Afborganalaust í sjö ár |
| ■ 6,7 prósenta vextir | ■ 5,55 prósenta vextir |

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra greindi frá því á Alþingi í gær að ef greiðslugeta íslenska þjóðarbúsins breyttist frá því sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gerði ráð fyrir í nóvember síðastliðnum gætu íslensk stjórnvöld óskað eftir því að samningurinn um Icesave-lánið yrði tekinn upp.

#### VILJA ÞJÓÐARATKVÆÐAGREIÐSLU

Höskuldur Þór Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins, fór fram á það á Alþingi í gær að þjóðin fengi að greiða atkvæði um samninginn um Icesave-lánið. Þingmenn Borgarahreyfingar hafa áður lýst sömu skoðun.

Þingmenn Borgarahreyfingarinnar biðluðu í gær til þingmanna stjórnarflokkanna að láta stjórnast af sannfæringu sinni þegar kæmi að því að Alþingi greiddi atkvæði um ríkisábyrgð á láninu, sem er á bilinu 640 til 660 milljarðar króna.



**RISASTÓRT VANDAMÁL** „Þetta er nöturlegt mál,“ sagði fjármálaráðherra á Alþingi um Icesave-málið. Hans hlutskipti hefði orðið að greiða úr því eins og hægt hefði verið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





410 4000 | landsbankinn.is

LAUSNIR FYRIR HEIMILIÐ

Er greiðslubyrðin að þyngjast?

Landsbankinn býður upp á mörg úrræði fyrir heimili sem eiga við greiðsluerfiðleika að etja. Við aðstoðum þig við að velja lausn sem kemur til móts við þínar þarfir.

Pantaðu ráðgjöf á landsbankinn.is, í útibúinu þínu eða í síma 410 4000

Landsbankinn

ENNEMM / SÍA / NM37467 NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-2080.




# TIL HAMINGJU MEÐ ÁRANGURINN!

ALLIR Í BEKKNUM STÓÐUST ***"MICROSOFT CERTIFIED SERVER ADMINISTRATION"*** PRÓFIN MEÐ YFIR 9 Í MEÐALEINKUNN

**INNRITUN FYRIR HAUSTÖNN 2009 STENDUR YFIR!**

## STARFSNÁM OG BRAUTIR

- *Skrifstofu- og tölvunám*
- *Fjármála og rekstrarnám*
- *Sölu- og markaðsnám*
- *Skrifstofunám & hönnun*
- *Sölunám & hönnun*
- *Skrifstofu- og rekstrarnám*
- *Sölu-, markaðs- og rekstrarnám*

## ALMENNT TÖLVUNÁM

- *Tölvunám - fyrstu skrefin*
- *ECDL tölvunám*

## TÆKNINÁM OG BRAUTIR

- NÝTT! *Diplomanám í forritun*
- *Kerfisumsjón*
- *Tölvuviðgerðir*
- *MCITP* *(áður MCSA)*
- *MCTS og Network+*
- *Kerfisstjórinn*
- *Cisco CCENT & CCNA*
- *Windows Vista*
- *MCDST*
- *Styttri sérfræðinámskeið í samvinnu við Opin Kerfi*

## BÓKHALD OG NAVISION

- *Grunnnám í bókhaldi*
- NÝTT! *Bókaranám framhald*

## MARGMIÐLUN OG GRAFÍK

- *Grafísk hönnun*
- *Photoshop Expert*
- *Myndvinnsla m. Photoshop*
- *Alvöru Vefsíðugerð*

OPIN KERFI · Microsoft CERTIFIED Partner Learning Solutions · PROMETRIC · ECDL · PEARSON VUE AUTHORIZED TEST CENTER

**NTV STYRKIR ATVINNULAUSA SEM NEMUR 25% AF VERÐI NÁMSKEIÐA**

**NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN** – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI : HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS

**ntv**




Bubbi Morthens er búinn að semja þjóðhátíðarlagið:

# Samdi dökkgrænt hátíðarlag

**MENNING** „Ég er búinn að því, ég bjó það til um helgina," segir Bubbi Morthens spurður um Þjóðhátíðarlagið en það kom í hans hlut að semja það í ár. „Mér fannst nú tími til kominn að goðsagnapersónunum úr mínum samtíma í Vestmannaeyjum, Bjössa í Klöpp, Eiríki hesti og þeim bræðrum Stjána og Sibba Nínón, yrðu gerð skil í Þjóðhátíðarlagi," segir hann um efni lagsins, sem líklega verður farið að óma í eyrum landans við lok þessa mánaðar.

Bubbi bjó í Vestmannaeyjum á sínum tíma, samtals hátt í þrjú ár segir hann, svo hann kynntist menningunni þar nokkuð vel. En hverjir voru þessir menn? „Bjössi í Klöpp, eins og segir í textanum, þekkir hnefatal og Eiríkur hestur kunni að lesa sal og brosandi drukku þeir báðir af stút um leið og þeir úr kofanum hreinsuðu út. Og Eyjan þoldi þá alla, og Eyjan þoldi þá alla," segir Bubbi til að gefa forsmekkinn. Bubbi hefur lýst því að hann sjái tónlist í formi lita og sjái hann Þjóðhátíðarlagið í dökkgrænum lit.

Ekki eru allir sáttir við það ráðslag að láta Bubba um Þjóðhátíðarlagið því tæplega sjöhundruð manns hafa skráð sig í hóp á Facebook þar sem komu hans á Þjóðhátíð er mótmælt. **- jse**



**BUBBI MORTHENS** Tónlistarmaðurinn umdeildi hefur nú lagt lokahönd á einkennislag Þjóðhátíðar.



**BÖRN AÐ LEIK** Dagforeldrar hafa áhyggjur af atvinnuhorfum sínum. Börnin á myndinni tengjast ekki fréttinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Dagforeldrar segjast ekki samkeppnishæfir

**Dagforeldrum hefur fækkað eftir að þjónustutrygging var sett á í Reykjavík síðastliðið haust. Biðlistar eru nær horfnir og mikið um laus pláss hjá dagforeldrum. Formaður leikskólaráðs segir samninga við dagforeldra á lokastigi.**

**DAGVISTARMÁL** Fækkað hefur í stétt dagforeldra eftir að þjónustutryggingar voru settar á í september í fyrra. Biðlistar eru með öllu horfnir og margir dagforeldrar eru með laus pláss hjá sér.

Þjónustutryggingin er ætluð sem tímabundin greiðsla til foreldra þangað til börn þeirra komast inn á leikskóla eða komast að hjá dagforeldri. Þróunin hefur undanfarið verið sú að æ fleiri foreldrar kjósa að þiggja þjónustutrygginguna og bíða eftir leikskólaplássi frekar en að nýta dagforeldra.

„Þetta var í rauninni sett á vegna skorts á barnfóstrum og úrræðum. En nú er enginn skortur á úrræðum og nóg þjónusta í boði og þá er ekkert verið að taka þetta af," sagði Ólöf Lilja Sigurðardóttir dagmóðir og félagi í Barnavistun, félagi dagforeldra.

Að sögn Ólafar eru flestir dagforeldrar aðeins með tvö til þrjú börn hjá sér en vanalega eru þau fimm og hefur þetta valdið því að þó nokkrar dagmæður hafa hætt störfum. Dagforeldrar fá ekki jafnháar niðurgreiðslur og leikskólarnir og einkaleikskólarnir og óttast því að vera ekki samkeppnishæfir.

„Dagforeldrakerfið er það kerfi sem við þurfum að styðja á þessum tímapunkti og setja meira í frekar en að skera niður. Við teljum okkur vera að gera vel við dagforeldra enda viljum við að kerfið verði raunhæfur valkostur fyrir foreldra," sagði Fanný Gunnarsdóttir, varaformaður leikskólaráðs Reykjavíkur.

Eitt helsta hitamálið meðal dagforeldra er að með tilkomu þjónustutrygginganna fá foreldrar sömu upphæðina, 35 þúsund krónur, og dagforeldrar fá frá ríkinu, en geta hagrætt þeirri upphæð að vild skattfrjálst.

Einnig er mikil óánægja með að foreldrar geti nú notað þessar greiðslur til að borga þriðja aðila fyrir að passa barnið, en dagforeldrar þurfa að uppfylla ýmis skilyrði og vinna sér inn leyfi til að geta tekið við greiðslu frá foreldrum. „Við viljum að það sé skýrt gagnvart foreldrum og dagforeldrum að úrræði sem við styðjum séu í boði fyrir foreldra," sagði Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður leikskólaráðs Reykjavíkur. Samningsviðræður hafa staðið milli dagforeldra og Reykjavíkurborgar um nokkurt skeið. Þorbjörg segir slík mál taka tíma en viðræður séu á lokastigi.

**heidur@frettabladid.is**



# West Ham í eigu Straums

**Kröfuhafar í Hansa hafa tekið við stjórnartaumum í West Ham. Sölu félagsins frestað í tvö ár. Framkvæmdastjóri Straums verður stjórnarformaður.**

**VIÐSKIPTI** „Það var mjög mikilvægt að þessi yfirtaka færi fram í dag til að vernda klúbbinn. Þetta er gert í góðri samvinnu við félagið, fyrri eigendur og enska knattspyrnusambandið. Aðdáendur West Ham virðast ánægðir að sjá að búið sé að ýta til hliðar þeim hættum sem voru fram undan,“ segir Georg Andersen, forstöðumaður Samskiptasviðs Straums-Burðaráss fjárfestingarbanka (Straums).

CB Holding ehf., félag í meirihlutaeigu Straums, tók í gær yfir enska úrvalsdeildarliðið West Ham United. West Ham hefur verið í Eigu Björgólfs Guðmundssonar, fyrrverandi stjórnarformanns Landsbankans, síðan síðla árs 2006. Björgólfur og Ásgeir Friðgeirsson, formaður og varaformaður stjórnar West Ham, víkja úr stjórn félagsins. Andrew Bernhardt, einn af framkvæmdastjórum Straums, tekur við sem stjórnarformaður.

CB Holding var stofnað af kröfuhöfum í Hansa Holding, félagi Björgólfs sem átti 75 prósenta hlut í West Ham. Yfirtakan þýðir því að Hansa fer ekki í gjaldþrot, en greiðslustöðvun félagsins lauk í gær. Straumur átti um tvo þriðju af kröfum í félagið, en meðal annarra íslenskra kröfuhafa eru Byr, MP banki og Landsbanki. Í lögum enska knattspyrnusambandsins kveður á um að félögum eigenda sem fara í gjaldþrot sé refsað með ýmsum hætti.

Frá því í nóvember hefur verið unnið að því að selja West Ham. Að sögn Georgs hefur þeim áætlunum verið slegið á frest. „Við trúum því einfaldlega ekki að það finnist kaupandi sem er tilbúinn að greiða það sem við teljum klúbbinn vera virði. Við gerum ráð fyrir að halda félaginu í tvö ár eða lengur.“



**UPTON PARK** Björgólfur Guðmundsson og Eggert Magnússon á góðri stundu á heimavelli West Ham, Upton Park, í lok árs 2007.

Georg segir það misskilning sem komið hefur fram í ýmsum fjölmiðlum að West Ham sé nú í eigu íslenska ríkisins. „Straumur hefur ekki verið þjóðnýttur heldur fékk Fjármálaeftirlitið heimild til að taka tímabundið við stjórn félagsins. Þessi misskilningur er kannski ekki óeðlilegur. Þetta er mjög sérstök staða sem Straumur er kominn í,“ segir Georg. CB Holding hefur lýst yfir stuðningi við forstjóra og yfirþjálfara West Ham. Ekki sé ætlunin að gera gera breytingar á framkvæmdstjórn né breyta stefnu félagsins.

Björgólfur Guðmundsson segist í yfirlýsingu, sem birtist á heimasíðu West Ham, verða stuðningsmaður félagsins til æviloka og vonast til að koma sem oftast á Upton Park, heimavöll liðsins.

kjartan@frettabladid.is

## ÍSLENDINGAR HJÁ WEST HAM

**21. nóvember 2006**
Björgólfur Guðmundsson, ásamt Eggerti Magnússyni, Sighvati Bjarnasyni forstjóra Fisco, og fleirum, festir kaup á West Ham fyrir rúma fjórtán milljarða íslenskra króna. Eggert sest í stól stjórnarformanns félagsins. West Ham er í fimmta neðsta sæti ensku úrvalsdeildarinnar, en Eggert segir framtíð þjálfarans Alans Pardew hjá félaginu trygga. Þremur vikum síðar er Pardew rekinn frá félaginu. Alan Curbishley tekur við stjórastöðunni.

**13. desember 2007**
Eggert Magnússon lætur af stjórnarformennsku og selur fimm prósenta hlut sinn í West Ham til Björgólfs, sem tekur við stjórnarformennskunni. Björgólfur á nú hundrað prósenta hlut í félaginu.

Björgólfur kynnir áform um byggingu nýs 60.000 sæta leikvangs.

**10. september 2008**
Gianfranco Zola ráðinn þjálfari West Ham. Tveimur dögum síðar verður ferðaskrifstofan XL Leisure, helsti styrktaraðili liðsins, gjaldþrota.

**7. nóvember 2008**
Ásgeir Friðgeirsson, varaformaður stjórnar West Ham og talsmaður Björgólfs, segir Björgólf vera að endurskoða allar eignir og fjárfestingar sínar vegna efnahagskreppunnar. West Ham sé þar ekki undanskilið.

**8. júní 2009**
Cb Holding, félag í meirihlutaeigu Straums, tekur West Ham yfir.







Fjölbrautaskólinn í Breiðholti



## Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti býður mjög fjölbreytt nám: bóknám, listnám, iðnnám/starfsnám.

Bóknám leiðir til stúdentsprófs og er undirbúningur fyrir háskólanám.

Listnám er undirbúningur fyrir frekara listnám, arkitektúr og annað framhaldsnám.

Markmið iðnnáms/starfsnáms er að undirbúa nemendur fyrir störf í ýmsum greinum atvinnulífsins, veita sérhæfð starfsréttindi og/eða undirbúning fyrir frekara nám.

**Bóknám til stúdentsprófs**
Félagsfræðabraut
Málabraut
Náttúrufræðibraut
Viðskipta- og hagfræðibraut
Þriggja ára náttúrufræðibraut

**Listnámsbrautir**
Myndlistarkjörsvið
Textíl- og hönnunarkjörsvið

**Löggilt iðnnám**
Húsasmiðabraut
Rafvirkjabraut
Snyrtibraut

**Löggilt starfsnám**
Sjúkraliðabraut
Sjúkraliðabrúin

**Eins til tveggja ára starfsnám**
Grunnnám rafiðna
Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina
Handíðabraut
Íþróttabraut
Afreksíþróttir
Viðskiptabraut

**Almenn námsbraut**

**Starfsbraut**

Með viðbótarnámi er hægt að ljúka stúdentsprófi af öllum brautum.

**Innritun í Fjölbrautaskólann í Breiðholti er á netinu og lýkur 11. júní. Nánari upplýsingar á skrifstofu skólans frá kl. 09:00 - 15:00 eða á heimasíðunni.**

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Austurbergi 5 111 Reykjavík Sími 570 5600
Símbréf 567 0389 Tölvupóstur: fb@fb.is
www.fb.is


## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 6 — **Velta:** 5 milljónir

**OMX ÍSLAND 15** 268 **+1,21%**

**OMX ÍSLAND 6** 730 **+0,84%**

MESTA HÆKKUN: **MAREL** +1,28%

MESTA LÆKKUN: **ÖSSUR** -0,47%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,20 +0,00% ... Atlantic Airways 167,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 550,00 +0,00% ... Bakkavör 1,13 +0,00% ... Eik Banki 89,00 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 122,50 +0,00% ... Icelandair Group 4,60 +0,00% ... Marel Food Systems 55,20 +1,28% ... Össur 106,50 -0,47%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Gjaldeyrisforðinn jókst um 12,5 milljarða

Gjaldeyrisforði Seðlabankans nam 426,1 milljarði króna í lok maí og jókst um 12,5 milljarða í mánuðinum, að því er fram kemur í nýbirtum tölum bankans. „Erlend verðbréf jukust um 6,4 milljarða króna í maí og seðlar og innstæður jukust um 6,3 milljarða króna en samtals nema erlend verðbréf og seðlar og innstæður 97,3 prósentum af gjaldeyrisforðanum," segir á vef bankans.

„Heildarvelta á millibankamarkaði með gjaldeyri í maí nam 5,2 milljörðum króna, en þar af var velta Seðlabankans rúmir tveir milljarðar króna og var því hlutdeild Seðlabankans í heildarveltunni tæp 40 prósent," segir í Hagsjá Landsbankans. „Hlutdeild Seðlabankans er nú svipuð og á tímabilinu frá desember 2008 til febrúar 2009. Seðlabankinn hafði aftur á móti lítil afskipti af gjaldeyrismarkaðnum í mars en þá féll krónan um 10,5 prósent frá upphafi til loka mánaðarins," segir í Hagsjánni. **- óká**

# Skipta þarf Tryggingarsjóðnum í tvennt

**Tryggingarsjóður innstæðueigenda þarf að afskrifa 4,2 milljarða vegna falls bankanna. Sjóðurinn er eignalaus og er byrjað að safna í hann frá grunni. Viðskiptaráðherra segir að skilja verði á milli vanda fortíðar og uppbyggingar framtíðar. Bankar og sparisjóðir þurfa að borga 2,4 milljarða í sjóðinn á árinu og lofa 13,4 milljörðum í viðbót.**



**ÁHLAUP** Haustið 2007 hópuðust innstæðueigendur í Northern Rock-bankann breska til að taka út fé vegna ótta við bága stöðu hans. Innstæðutryggingar eiga að koma í veg fyrir bankaáhlaup af því tagi með því að tryggja þeim sem peninga eiga í banka ákveðna lágmarksvernd. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Kröfur upp á rúma 4,2 milljarða á hendur föllnum fjármálafyrirtækjum hafa verið færðar niður í ársreikning Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Þetta kemur fram í ársreikningi sjóðsins sem lagður var fram á síðastliðinn föstudag.

Upphæðin er til komin vegna nokkurs konar skuldaviðurkenninga fjármálafyrirtækjanna vegna vaxtar innstæðna hjá þeim. Reglur sjóðsins setja hins vegar greiðslum inn í sjóðinn skorður, sem varð til þess að Tryggingarsjóðurinn gat ekki elt hlutfallslegan vöxt innlánsreikninga bankanna.

Fram kemur í ársreikningnum að stjórn Tryggingarsjóðsins hafi kallað eftir afstöðu Fjármálaeftirlitsins til þess hvort nýju bankarnir hafi átt að efna loforð gömlu bankanna um greiðslur í sjóðinn vegna vaxtar innlána hjá þeim. „Afstaða Fjármálaeftirlitsins var á þá leið að ábyrgðaryfirlýsingarnar falli ekki undir þær ábyrgðir sem nýju bankarnir tóku yfir á grundvelli ákvarðana Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda gömlu bankanna og samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins hefur innheimta miðast við þá afstöðu," segir þar.

Eiríkur Elís Þorláksson, framkvæmdastjóri sjóðsins, segir að skuld gömlu bankanna við sjóðinn fari í ferli með öðrum almennum kröfum hjá skilanefndum gömlu bankanna. Verulega óvissa sé um heimtur á þeim.



GYLFI MAGNÚSSON

Skuldbinding vegna Icesave er ekki heldur færð í ársreikninginn og er niðurstaðan því að sjóðurinn eigi rúmlega 16,5 milljarða króna. Skuldbindingar vegna Icesave nema um 660 milljörðum, en ríkisstjórnin hefur sagt líkur á að eignir Landsbankans dugi fyrir 75 til 95 prósentum þeirrar upphæðar.

Í skýrslu stjórnar Tryggingarsjóðsins kemur fram að við útreikning á inngreiðsluþörf á þessu ári hafi verið miðað við að engar eignir væru í sjóðnum og því yrði innheimt frá grunni. „Miðað við þá útreikninga er gert ráð fyrir að innheimta þurfi um 2.415 milljónir króna hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum til að ná lögbundnu lágmarki stærðar sjóðsins og að auki þurfa þeir að gefa út ábyrgðaryfirlýsingu að fjárhæð 13.685 milljónir króna," segir í ársreikningnum.

Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra segir óhjákvæmilegt að gera skil á milli þeirra skuldbindinga sem urðu til við fall bankanna og tryggingа vegna fjármálakerfisins sem verið sé að byggja upp. „Þarna þarf að greina á milli því annars myndi sjóðurinn ekki vera trúverðugur fyrir þær stofnanir sem starfandi verða í framtíðinni vegna þess að hann yrði þá upptekinn við að takast á við fortíðarvandann." Gylfi segir hins vegar ekki búið að ákveða hvenær eða nákvæmlega hvernig að skiptingunni verði staðið. „Það er verið að fara yfir lögfræðihliðina á því með hvaða hætti það verður gert. Þarf að vera í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar okkar," segir hann og telur óvíst að stofna þurfi nýjan sjóð, ef til vill nægi að skipta Tryggingarsjóðnum í tvær deildir.

„En að mörgu leyti er skynsamlegt og í raun óhjákvæmilegt að bíða með skiptingu sjóðsins þar til komin er betri mynd á mál Icesave og fleiri atriði," segir viðskiptaráðherra, en kveður um leið horft til skemmri tíma en sjö ára í þeim efnum. „Þetta verður gert síðar á árinu, en nákvæmari tímasetningu en það vil ég ekki gefa."

**olikr@frettabladid.is**

Landsframleiðsla dróst saman um 3,6 prósent milli ársfjórðunga:

# Forsmekkur að kreppu kominn fram

Landsframleiðsla dróst saman um 3,6 prósent á milli fjórðunga á fyrstu þremur mánuðum þessa árs og um 3,9 prósent borið saman við sama tíma í fyrra. Þetta kemur fram í Hagtíðindum Hagstofunnar sem birt voru í gær.

Í Hagtíðindunum kemur fram að einkaneysla hafi dregist saman um 22,1 prósent á fjórðungnum og innflutningur um 34,2 prósent sé horft á sama tímabil í fyrra. Það er sambærilegt og í öðrum iðnvæddum ríkjum.

Greining Íslandsbanka bendir á að innflutningur á bílum hafi dregist hratt saman jafnt hér sem erlendis á fjórðungnum. Það komi harkalega niður á þeim löndum sem byggi á bílaframleiðslu, svo sem Þýskalandi og Japan.



**BÍLAR** Innflutningur á bílum hefur dregist mjög hratt saman eftir því sem harðnað hefur í ári hér. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Greiningardeildin bætir við að samdrátturinn hér á tímabilinu sé nokkuð lægri en hjá öðrum þjóðum og tekur sem dæmi Þýskaland sem horfði upp á 6,9 prósent samdrátt á fyrsta fjórðungi ársins.

Tekið er fram að samdrátturinn sé að færast í aukana sé miðað við hagspá Seðlabankans og fleiri aðila, sem gerir ráð fyrir ellefu prósenta samdrætti í ár. Þetta sé því forsmekkurinn af því sem koma skal enda hagkerfið að ganga í gegnum afar erfiða banka- og gjaldeyriskreppu. **- jab**

# Afgerandi ákvarðana er þörf í fjármálageiranum

„Til þess að tryggja bata og viðsnúning til sjálfbærs vaxtar verður á vettvangi stjórnmálanna að grípa til enn frekari og ákveðinna aðgerða, sér í lagi í fjármálageiranum.“ Þetta segir í lokayfirlýsingu sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) sem stýrir viðræðum við evrulöndin.

Þar kemur fram að lönd evrunnar séu djúpt sokkin í samdrátt og lítil batamerki eigi enn eftir að ná að þróast yfir í viðsnúning til hins betra. Horfur á bata eru sagðar óljósar. „Án tafar á að grípa þau tækifæri sem fjármálakreppan hefur í för með sér til að koma á raunverulegum umbótum milli landa á sviði fjármálastöðugleika,“ segir í yfirlýsingunni, sem kynnt var síðdegis í gær. „Markvissari samhæfing í aðgerðum landa, þar á meðal stuðningur við nýmarkaði nágrannalanda, verður mjög gagnlegur við að endurbyggja traust á hagkerfi svæðisins í heild.“ **- óká**

# Viðsnúningur í rekstri ríkisins

Tuttugu og fjögurra milljarða halli var á rekstri hins opinbera á fyrsta fjórðungi þessa árs, samkvæmt nýbirtum tölum Hagstofu Íslands. Á sama tíma í fyrra var átján milljarða króna tekjuafgangur.

„Sem hlutfall af landsframleiðslu ársfjórðungsins mældist tekjuhallinn 6,9 prósent og sem hlutfall af tekjum hins opinbera 15,7 prósent. Á sama ársfjórðungi 2008 mældist tekjuafkoma 5,5 prósent af landsframleiðslu og 10,9 prósent af tekjum hins opinbera,“ segir í Hagtíðindum. Viðsnúningurinn er rakinn til mikils tekjusamdráttar og mikillar útgjaldaaukningar.



**STJÓRNARRÁÐIÐ** Í Hagsjá Landsbankans kemur fram að minni efnahagsumsvif hafi í för með sér að tekjur ríkissjóðs minnki verulega á komandi árum, þar sem þær breytist meira en hagsveiflan segi til um. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Heildartekjur hins opinbera námu 152,7 milljörðum króna á fjórðungnum og lækkuðu um rúmlega sjö prósent milli ára. „Minni tekjur af vöru- og þjónustusköttum skýra stóran hluta samdráttarins, en tekjuskattar skiluðu hins vegar svipaðri fjárhæð í krónum talið milli ára. Á sama tíma jukust heildarútgjöld hins opinbera um nálægt 21 prósent milli ára og voru 176,7 milljarðar króna á fyrsta ársfjórðungi 2009,“ segir í Hagsjá hagfræðideildar Landsbankans. Útgjaldahækkunin er fyrst og fremst sögð skýrast af ríflega tíu milljarða króna hækkun í félagslegum tilfærslum til heimila. „Auk þess hafa vaxtagjöld aukist með auknum skuldbindingum ríkissjóðs en vaxtakostnaður hins opinbera hækkar um tæplega 10 milljarða króna milli ára. Þá er áætlað að kaup hins opinbera á vöru og þjónustu hafi hækkað um tæplega átta milljarða króna milli tímabilanna,“ segir í Hagsjá. **- óká**



**ÚR KAUPHÖLLINNI** Mjög dregur yfirleitt úr veltu á hlutabréfamarkaði yfir sumartímann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Sumarið komið í Kauphöllina

Velta með hlutabréf nam rúmum 4,7 milljónum króna í Kauphöllinni í gær og hefur veltan ekki verið minni á einum degi síðan í október árið 2000, samkvæmt upplýsingum þaðan. Til samanburðar nam heildarvelta á hlutabréfamarkaði á föstudag tæpum 211 milljónum króna.

Gengi bréfa Marel Food Systems hækkaði um 1,28 prósent í þrennum viðskiptum upp á tæpa milljón krónur en gengi bréfa Össurar lækkaði um 0,47 prósent í tvennum viðskiptum upp á 3,4 milljónir króna. Þá voru ein viðskipti með hlutabréf Bakkavarar upp á 339 þúsund krónur.

Almennt hefur dregið nokkuð úr veltu með hlutabréf í Kauphöllinni yfir sumartímann en gefið í á ný þegar nær dregur hausti. **- jab**



**BÍLAR** Fleiri tæki sem þarf að skoða og reglur um sektir gera að umsvif hafa aukist allnokkuð á bifreiðaskoðunarstöðvum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sjaldan meira að gera við að skoða bíla

Miklar annir eru nú hjá skoðunarstöðvum bifreiða. Bæði kemur það til að skoðuð eru fleiri tæki en áður og svo nýjar reglur um sektargreiðslur mæti fólk of seint með bíla sína í skoðun.

Undir lok hvers mánaðar vill verða mikil örtröð á skoðunarstöðvum þegar mæta allir þeir sem dregið hafa í lengstu lög að mæta og eru við það að fá sektargreiðslur í höfuðið.

Vegna aukins umfangs opnaði Aðalskoðun nýverið stækkaða og, að sögn aðstandenda, stórendurbætta skoðunarstöð fyrir bíla að Skemmuvegi sex í Kópavogi. Stöðin er sögð sérstaklega hönnuð til að taka við minni vögnum, felli- og hjólhýsum, en nú er orðið skylda að láta skoða tjaldvagna, felli- og hjólhýsi og skulu slík tæki skráð 2005 og fyrr skoðast á þessu ári.

Nýju stöðina opnaði Kristján Möller samgönguráðherra. **- óká**



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Sjávarútvegsstefna í sjálfheldu:

## Ósagða ræðan

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Á sjómannadaginn töluðu flestir eðli máls samkvæmt um nýju stjórnarstefnuna um sviptingu veiðiheimilda. Þar á var þó ein undantekning: Ræða sjávarútvegsráðherrans um það efni er enn ósögð. Hvernig má það vera?

Ein skýring gæti verið sú að ríkisstjórnin telji sig ekki þurfa að skýra fyrir fólkinu í landinu ákvörðun sem valdið hefur meira uppnámi af mannavöldum í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja og smábáta en dæmi eru um. Ekki er ástæða til að ætla að slíkur valdhroki búi að baki. Skýringin er trúlega einfaldari.

Líklegast er að ríkisstjórnin hafi áttað sig á að ákvörðunin um veiðileyfasviptingu hafi verið vanhugsuð. Forsætisráðherra situr að vísu við sinn keip og fullyrðir að stefnan sé fastákveðin og framkvæmdin tímasett. Sjávarútvegsráðherrann fellir þar á móti seglin og lætur eins og stjórnarsáttmálastefnan sé ekki til.

Þeim sem mest hafa verið á móti fiskveiðistjórnunarkerfinu er sagt að ákvörðunin um veiðileyfasviptingu standi. Hina er reynt að róa með því að málið fari í nefnd og ekkert verði gert nema í sátt og samlyndi. Fyrir vikið stendur sjávarútvegsráðherrann eins og illa gerður hlutur á sjómannadaginn og getur ekki talað til þjóðarinnar um það sem máli skiptir. Það væri hins vegar að hengja bakara fyrir smið að skella allri skuldinni á hann.

Eðlilegt er að menn takist á um grundvallaratriði eins og stjórnun fiskveiða. En málið snýst ekki um slík átök. Ríkisstjórnin hefur ákveðið veiðileyfasviptingu en hefur enga hugmynd um hvað á að koma í staðinn. Það er allt í uppnámi en engir kostir til að velja eða rökræða. Hvernig má það vera að reyndir stjórnmálamenn lendi í slíkri pólitískri sjálfheldu?

Með hæfilegri einföldun má segja að óánægjan með ríkjandi kerfi snúist um tvennt: Annars vegar afleiðingar takmarkana á veiðum af líffræðilegum ástæðum og hins vegar afleiðingar hagræðingar af þjóðhagslegri nauðsyn. Hvort tveggja hefur leitt til fækkunar skipa, fiskvinnslufyrirtækja og starfsfólks. Af sjálfu leiðir að rekstrarlegar forsendur hafa brostið í mörgum minni sjávarplássum.

Pólitíski vandinn er á hinn veginn fólginn í því að margir stjórnmálamenn með snoturt hjartalag vilja sjálfbærar veiðar án takmarkana fyrir þá sem þeir tala við hverju sinni. Þeir vilja hagræðingu og framþróun í sjávarútvegi en óbreytt umsvif fyrir þá sem þeir standa andspænis frá degi til dags.

Það fiskveiðistjórnkerfi er hins vegar ekki til sem fullnægt getur þessum gagnstæðu markmiðum. Fyrir þá sök er ríkisstjórnin í sjálfheldu. Hún hefur byggt stefnu sína á málflutningi þeirra sem ekki sögðu þjóðinni satt um kaldan veruleikann.

Sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins hefur með réttu sætt gagnrýni. Ástæðan er fyrst og fremst sú að mörg aðildarríkin hafa reynt að ná ósamrýmanlegum markmiðum: Um vísindalega verndun fiskistofna og heildarafla eftir óskum útgerðanna og síðan um hagræðingu án fækkunar skipa og sjómanna. Tilraun ríkisstjórnarinnar með svokallaðar strandveiðar er vísir að þessari Evrópusambandstvöfeldni í fiskveiðum.

Niðurstaðan er þessi: Meðan menn sætta sig ekki við þau líffræðilegu og efnahagslegu takmörk sem sjávarútvegurinn þarf að lúta verður óánægja með hvaða fiskveiðistjórnkerfi sem er. Í slíkum gervihugmyndaheimi verða allar lausnir óréttlátar og sérhver ríkisstjórn í sjálfheldu. Það getur verið erfitt að segja satt. Samt er það betra.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Sagan af Dabba og Ömma

Kristinn H. Gunnarsson segir sögu á bloggsíðu sinni til að sýna hvernig hlutirnir geta farið í hring. Þar segir af manni sem þoldi illa að sjálfstæðar stofnanir ríkisins létu ekki að stjórn. Þjóðhagsstofnun fékk að kenna á því, segir Kristinn, svo þarna er átt við Davíð Oddsson. Ögmundur Jónasson, sem þá var í stjórnarandstöðu, var ekki par hrifinn af þessum tilburðum og sagði þá meðal annars: „Í fyrri ræðunni vék ég að aðdragandanum eins og við þekkjum hann öll, hvernig hæstvirtur forsætisráðherra reiddist Þjóðhagsstofnun sem leyfði sér að hafa uppi aðrar meiningar en hann og ríkisstjórnin um efnahagsmálin og þróun þeirra“.



### Hring eftir hring

Svo líður tíminn og Ögmundur er orðinn ráðherra, segir í sögu Kristins. Ekki líður á löngu uns hann viðrar þær hugmyndir að svipta Seðlabankann sjálfstæðinu. Boðskapur Kristins er á það leið að drottnunar-syndrómið sé ekki lengi að láta á sér kræla, það tók aðeins fjóra mánuði. Svona fer pólitíkin hring eftir hring; Hver veit nema þessi ríkisstjórn dusti rykið af fjölmiðlafrumvarpinu?

### Hvað gerir forsetinn?

Mótmælt var fyrir utan Alþingishúsið þegar rætt var innandyra um Icesave-samkomulagið. Tólf þúsund manns hafa mótmælt því á fésbókinni og segjast ekki vilja borga brúsann. Nokkrir fræðimenn eins og Eiríkur Bergmann og Stefán Már Stefánsson hafa sagt okkur Íslendinga hafa farið illa að ráði okkar í þessu mál. Eflaust verður hiti í mönnum á þinginu þegar þetta verður rætt næstu daga. Því vaknar sú spurning ef þetta verður samþykkt á þinginu hvort gjá hafi myndast sem Ólafur Ragnar Grímsson þyrfti að brúa eins og forðum daga þegar hann skrifaði ekki undir fjölmiðlalögin.



**jse@frettabladid.is**

# Börn og annað fólk



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR

**Í DAG** | Bókmenntir

Árla dags í október 1997 sat ég í skólastofu í úthverfi Hamborgar í Þýskalandi og fylgdist með Olgu Guðrúnu Árnadóttur spjalla við börnin í bekknum, sem voru á fermingaraldri, og lesa fyrir þau úr bók sinni „Peð á plánetunni Jörð“. Tíminn hófst með því að kennari unglinganna kynnti góðan gest, rithöfund frá Íslandi, sem hefði skrifað vinsæla unglingabók og ætlaði að lesa úr henni fyrir þau. Síðan settist hann hjá mér, en Olga Guðrún tók sér stöðu framan við kennaraborðið og ávarpaði bekkinn. Nokkrir strákar áttu erfitt með að sitja kyrrir og voru bersýnilega að spegla sig hver í öðrum, flissuðu, iðuðu í sætunum og skimuðu látlaust í kringum sig, en að öðru leyti virtust þessir krakkar forvitnir fremur en áhugasamir um þessa óvæntu heimsókn.

Olga Guðrún kynnti sig, einlæg og blátt áfram, sagði frá Íslandi og lífinu þar í nokkrum orðum, og kvaðst sjálf vera frá Reykjavík. Hún kynni því miður lítið í þýsku, skildi hana ágætlega en væri ekki sterk í málfræðinni og bað þau að sýna því skilning. Hún væri í fyrsta skipti í landinu þeirra, textinn sem hún læsi væri þýddur á þýsku af öðrum. Svo hóf hún lesturinn, fyrst nokkrar setningar á íslensku, til að leyfa þeim að heyra tungumálið.

Meðan hún talaði um sjálfa sig gjörbreyttist andrúmsloftið í skólastofunni. Kyrrð færðist yfir hópinn og athygli vaknaði í hverju andliti. Olga Guðrún brýndi ekki röddina í lestrinum og var ekki í upplestrarstellingum. Frekar eins og hún væri að segja þeim frá á venjulegu talmáli, og það hefði ekki mátt heyra saumnál detta í skólastofunni. Eftir nokkra stund spurði hún hvort þau vildu að hún læsi áfram eða taka stutt hlé. Svarið kom samstundis: „Lestu áfram!“ kölluðu krakkarnir einum rómi.

**Innflytjendur**

Í spjallinu á eftir var mikið spurt um Ísland, en ekki síður um Olgu sjálfa. Hvað hún hefði skrifað margar bækur og hvort þær hefðu verið þýddar á þýsku. Hún spurði þau á móti, hvort þau læsu mikið, og hvaða bækur. „Hvers vegna?“ spurði hún þá sem sögðust aldrei lesa sögubækur.

*Meðan hún talaði um sjálfa sig gjörbreyttist andrúmsloftið í skólastofunni. Kyrrð færðist yfir hópinn og athygli vaknaði í hverju andliti.*

Þrátt fyrir framangreinda fyrirvara talaði Olga Guðrún lýtalausa þýsku í þessu spjalli, að sögn kennarans við hliðina á mér. Þegar hún kvaddi þyrptust krakkarnir að henni og báðu um eiginhandaráritun. Hún væri eini rithöfundurinn sem þau hefðu séð á ævinni.

Á leiðinni út ræddi ég við kennarann um þetta sérstaka andrúmsloft sem myndaðist í bekknum þegar Olga Guðrún var að segja frá sjálfri sér og hélst út tímann. Það hafði ekki farið framhjá honum. „Í þessum bekk eru óvenju mörg börn innflytjenda sem hafa sjálf verið ný í þessu umhverfi og þurft að takast á við tungumálið,“ sagði hann. Þau hafa því kannski samsamað sig þessum íslenska rithöfundi á vissan hátt. Fundist hann einn af þeim.

**Virðing**

Heimsókn í þennan skóla var liður í kynningu á íslenskri barnamenningu í Hamborg þetta ár, í samvinnu við þýska menningarstofnun, Katholische Akademie Hamburg.

Þar var meðal annars glæsileg sýning á myndum úr íslenskum barnabókum sem vakti mikla athygli. Þáverandi menntamálaráðherra, Björn Bjarnason, og Vigdís Finnbogadóttir voru meðal þeirra sem tóku til máls á setningarathöfninni 6. nóvember, en Olga Guðrún Árnadóttir söng. Mjög fallega. Næsta dag var ráðstefna um íslenska barnamenningu með þýsku og íslensku fagfólki. Auk Olgu Guðrúnar voru með í för barnabókahöfundarnir Guðrún Helgadóttir og Áslaug Jónsdóttir. Heimsóknir með þeim á leikskóla eru mjög eftirminnilegar, en stemningin hjá Olgu Guðrúnu í úthverfaskólanum er þó skýrust í minninu. Börn innflytjendanna.

Þó að viðbrögð þeirra og viðmót hafi kviknað við bergmál af sömu reynslu er ég ekki í vafa um að virðingin sem hún sýndi þeim allan tímann hafi ekki síður skipt máli. Hún talaði við þau eins og jafnaldra sem hún tæki mark á. Hlustaði á skoðanir þeirra af óskiptri athygli. Þegar hún sat fyrir svörum í Katólsku Akademíunni og var spurð hvernig bækur hún skrifaði, svaraði hún: „Ég skrifa fyrir börn og annað fólk“.

Það eru áreiðanlega fleiri en ég sem bíða spenntir eftir næstu bók.

# NATO leggur hvítum bílum

**UMRÆÐAN**

Þórir Guðmundsson skrifar um hjálparstarf og hernað.



ÞÓRIR GUÐMUNDSSON

Herir Atlantshafsbandalagsins í Afganistan ákváðu að hætta að nota hvítmálaða bíla frá og með síðustu mánaðamótum, eftir mikinn þrýsting frá hjálparstarfsmönnum í landinu. Rauði krossinn hefur lengi bent á hættuna af því fyrir sjálfstæða og óháða aðstoð á vígvellinum að starfsfólk á vegum herja aki um á hvítmáluðum ökutækjum, sem hefð er fyrir að hjálparstofnanir noti.

Ákvörðun NATO ber að fagna. Með henni hefur fengist viðurkennt mikilvægi þess að skýr greinarmunur sé gerður milli þeirra sem tilheyra aðilum að átökum og hinna, sem veita aðstoð á grundvelli þarfar, algjörlega óháð átakalínum.

Mikilvægið er augljóst: starfsfólk sem tilheyrir einum aðila átaka getur engan veginn starfað á yfirráðasvæði andstæðingsins. Ef aðgreiningin milli þeirra og annarra hjálparstarfsmanna er óljós í hugum heimamanna, þá geta hvorugir starfað þar.

Fólk sem býr utan þeirra svæða sem NATO-herir hafa á sínu valdi verður því útundan í hjálparstarfi.

Alþjóða Rauði krossinn hefur starfað í Afganistan frá 1987. Fjöldi hjúkrunarfræðinga og annarra sendifulltrúa Rauða kross Íslands hefur unnið við hjálparstörf í landinu alla tíð síðan þá. Nú eru á vegum Alþjóða Rauða krossins um 1.400 starfsmenn í Afganistan, þar af á annað hundrað erlendir starfsmenn.

Sú hugmynd, sem hefur verið vinsæl meðal ríkja heims á undanförnum árum, að ákjósanlegt gæti verið að reisa við fallin ríki með sameinuðu átaki alþjóðasamfélagsins, er nú heldur á undanhaldi. Í þeirri hugmynd fólst meðal annars að saman gætu farið hernaðarleg íhlutun, marghättuð viðreisn þjóðfélagsins og hjálparstarf á vígvellinum.

Þegar hjálparstarf er þannig samofið pólitískum og hernaðarlegum markmiðum er voðinn vís.

*Höfundur er sviðsstjóri alþjóðasviðs Rauða kross Íslands.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* VIÐSKIPTARITSTJÓRI: Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

**KVENFÉLAGIÐ HRINGURINN** hefur fært barna- og unglingageðdeild Landspítala (BUGL) fimmtíu milljónir króna að gjöf til endurbóta á dag- og legudeild. Húsnæðisbreytingarnar endurspegla þá þróun sem hefur orðið á starfsemi BUGL með aukinni áherslu á dagdeildarþjónustu og sýn á sjúkling sem hluta af sinni fjölskyldu.







**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447









Ketill var að fara í fjórða sinn á Heklu, Bára í þriðja og Arnar í fyrsta og jafnframt í sína fyrstu fjallgöngu. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Þrír ættliðir saman á Heklu í kulda og byl

**Fyrir skemmstu gengu þrír ættliðir á Heklu í vetrarfærð og byl. Sá yngsti var tvítugur en sá elsti á áttræðisaldri. Hann var að fara í sína fjórðu ferð á fjallið en í ár eru fimmtíu ár síðan hann fór í þá**

Um hvítasunnuhelgina gengu þrír ættliðir á Heklu en það voru þau Ketill Arnar Hannesson, dóttir hans Bára Agnes Ketilsdóttir og sonur hennar Arnar Jónsson.

„Við vorum sjötíu ættmenni sem gengum gamla þjóðleið frá Rauðalæk að Arnkötlustöðum þar sem afi minn og amma áttu heima á hvítasunnudag en daginn áður fórum við sex skyldmenni saman á Heklu og þar með taldir faðir minn og sonur,“ segir Bára, sem er framkvæmdastjóri Gallerís heilsu og fjallgönguklúbbsins Toppfara. „Fleiri úr fjölskyldunni ætluðu með okkur en veðurspáin var slæm og því hættu nokkrir við.“

Faðir Báru er sjötíu og eins árs og var að fara í sína fjórðu ferð á Heklu. „Hann rifjaði það svo upp á toppnum að í ár eru einmitt fimmtíu ár síðan hann kleif Heklu fyrst en þá fór hann með móður minni Auði Ástu Jónasdóttur. Þau gengu frá bæ sem er vestanmegin við Heklu og yfir hraunið, sem er mun erfiðari leið en við fórum auk þess sem þau höfðu vitaskuld engin GPS-tæki eða þess háttar meðferðis. Þegar þau komu niður trúði því enginn að þau hefðu afrekað að komast á toppinn og með tímanum hættu þau bara að segja frá því,“ segir Bára og hlær.

Sonur Báru, sem er tvítugur, var að fara í sína fyrstu fjallgöngu, sem er nokkuð sérstakt í ljósi þess að Bára og eiginmaður hennar, Örn Gunnarsson, hafa farið í fjallgöngu einu sinni í viku allan ársins hring síðastliðin tvö ár. „Eftir Heklugönguna sagðist hann loksins skilja hvað við værum alltaf að gera,“ segir Bára.

Hún og Örn þjálfa fólk í fjallgöngum og hlaupum og fara með hópa í fjallgöngur alla þriðjudaga allan ársins hring. „Við lítum á þetta sem líkamsrækt til að stunda allt árið. Við klífum mishá fjöll og erum bæði með göngur fyrir byrjendur og lengra komna auk þess sem við förum í lengri göngur einn laugardag í mánuði. Við fórum af stað árið 2007 og ég held að fjallgöngurnar sem við eigum að baki síðan þá séu á annað hundrað.“

Bára segir þó ekkert fjall jafnast á við Heklu. „Fjallið hefur mikið aðdráttarafl enda býður það upp á gífurlegar andstæður. Á toppnum er núna hávetur og þar eru tveggja metra háir ísveggir við hliðina á rjúkandi hrauni. Þá er ekkert fjall eins lifandi og Hekla enda fylgir því talsverð áhætta að klífa það. Það er talað um að eldstöðin gefi einungis þrjátíu mínútna fyrirvara ef eldgos er í vændum og þá er ólíklegt að ná niður.“

*vera@frettabladid.is*








LD3080501

*Glucomed inniheldur glúkósamín*

**Ekki má nota Glucomed:**
- ef þú ert með ofnæmi fyrir glúkósamíni, einhverju öðru af innihaldsefnunum eða skelfiski
- ef þú ert undir 18 ára
- ef þú ert þunguð eða með barn á brjósti

Gæta skal varúðar við notkun Glucomed ef þú þolir illa glúkósa, ef þú ert með vanstarfsemi í nýrum eða lifur eða ef þú ert með þekktan áhættuþátt fyrir hjarta- og æðasjúkdómum.
**Tvær töflur á dag til að draga úr einkennum.**
*Lesið vandlega leiðbeiningar á fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá*

visir.is
*„...ég sá það á vísi"*

LYFJA
– Lifið heil




**15% afsláttur**⁺
**VOLTAREN** 11,6 mg/g Gel, 50 g.

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 46475 06/09




**15% afsláttur**⁺
**NICOTINELL** munnsogstöflur.

www.lyfja.is

**Lægra verð í Lyfju**

+ Gildir út júní 2009

HAPPDRÆTTI KRABBAMEINSFÉLAGSINS er ein veigamesta tekjulind krabbameinssamtakanna hér á landi og stuðlar mjög að uppbyggingu þeirra og þróun. Dregið verður í sumarhappdrættinu 17. júní næstkomandi. www.krabb.is

# Þörfin fyrir aðra er eilíf

**Eitt af lykilatriðunum að baki góðrar heilsu er að vera læs á tilfinningar sínar og líðan, segir sálgreinirinn Sæunn Kjartansdóttir. Ákjósanlegast sé að rækta þann eiginleika á fyrstu árum ævinnar.**

Líkamleg heilsa fólks og hæfileikinn til að lesa í tilfinningar sínar eru tengdari en gæti virst í fyrstu. Þetta segir Sæunn Kjartansdóttir, sálgreinir og höfundur bókarinnar Árin sem enginn man, sem fjallar um frumbernskuna og áhrif hennar á fullorðinsárin. „Lykilatriðið í sambandi við góða heilsu er að kunna að bregðast við þörfum sínum og tilfinningum á viðeigandi hátt. Til þess að geta það er nauðsynlegt að vera læs á líðan sína,“ segir Sæunn. Hún útskýrir að margir kunni ekki að greina þá vanlíðan sem þeir finna innra með sér. Viðbrögðin geti verið heilsuspillandi, til dæmis að fá sér sígarettu, drykk eða eitthvað að borða. „Fólki er nauðsynlegt að geta hugsað um ástand sitt án þess að grípa til einhæfra vanaviðbragða. Bestu skilyrðin til að rækta þann hæfileika er hjá börnum þegar þau eru lítil, allt frá fæðingu. Þau læra að þekkja tilfinningar sínar af þeim sem annast þau.“


Rólegt umhverfi er ákjósanlegast fyrir ung börn, enda virkar streita hamlandi fyrir heilaþroska, segir Sæunn Kjartansdóttir, sálgreinir og höfundur bókarinnar Árin sem enginn man. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Streita virkar hamlandi á heilaþroska og því segir Sæunn afar nauðsynlegt að leita allra leiða til að draga úr eða koma í veg fyrir streitu ungra barna. „Streitu fullorðinna má oft rekja til þess að fólk hlustar ekki á líkama sinn og viðheldur því streitunni sjálft. En ung börn kunna hvorki að hlusta á líkama sinn né geta þau stjórnað umhverfi sínu og þurfa því vernd og nærgætna umönnun. Ef þau fá slíka umönnun bæði dregur það úr streitu, sem gæti annars skaðað þau, og þau tileinka sér að bregðast við eigin vanlíðan á sama hátt og brugðist er við þeim. Það verður partur af því hvernig þau annast sjálf sig.“

En eru þá fullorðnir dæmdir til vanaviðbragða ef þeir hafa ekki búið við ákjósanlegustu aðstæður sem börn? „Nei, nei, margir sem hafa ekki fengið gott uppeldi finna eitthvað í maka sínum eða vinum sem leiðréttir skaðann sem orðinn er. Aðrir þurfa að leita sér faglegrar ráðgjafar, til að skoða hvernig fortíðin mótar viðhorfið til manns sjálfs án þess að maður viti af því. En mergurinn málsins er að þó við verðum fullorðin vöxum við ekki upp úr þörfinni fyrir aðra. Einn lykillinn að góðri heilsu er að hafa aðgang að góðu fólki og hafa þá vissu að einhver láti sig varða hvernig manni líður. Við það verður maður líka færari í að vera öðrum stuðningur. Þetta helst allt saman í hendur.“

*holmfridur@frettabladid.is*


Vísindamenn hafa unnið frumur sem haga sér eins og stofnfrumur úr svínum.

# Svín koma til bjargar

**Kínverskir vísindamenn hafa þróað frumur úr svínum sem hafa sömu eiginleika og stofnfrumur úr fósturvísum.**

Stofnfrumur úr fósturvísum hafa þann eiginleika að geta þróast í hvers konar vef líkamans. Kínverskir vísindamenn hafa nú þróað frumur úr svínum sem hafa sama eiginleika og telja þær geta nýst í stofnfrumurannsóknum sem hingað til hafa verið mjög umdeildar enda hefur þurft að vinna stofnfrumurnar úr fósturvísum manna. Stofnfrumurannsóknir þykja hins vegar geta leitt til lækninga á ýmsum alvarlegum sjúkdómum á borð við Alzheimer og Parkinson.

Þá standa vonir til að þessi uppgötvun vísindamannanna geti aukið líkur á að hægt verið að nota innyfli úr svínum í menn en innyfli svína þykja líkjast innyflum manna.

Einnig telja vísindamennirnir að með þessari uppgötvun verði hægt að rækta svín sem verði ónæm fyrir ýmsum sjúkdómum á borð við svínaflensuna.

Rannsóknin birtist í vefriti Molecular Cell Biology-tímaritsins og sagt var frá henni á fréttavef BBC-fréttamiðilsins, www.bbc.co.uk

FLOTT Í SUMAR...
með Slendertone
dömu/herra belti
NÝTT
Flex Max kr. 24.900,-
Flex kr. 19.950,-
System kr. 29.900,-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

friendtex
ÚTSALA
Útsalan er hafin
Á vor- & sumarlista Friendtex
Opið mán. - fös. frá kl. 11:00 - 18:00
Laugardaga frá kl. 11:00 – 16:00
Bonito ehf. Friendtex, Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

VIÐ STÆKKUM
OG FLYTJUM Í FÁKAFEN 9
www.gabor.is
Gabor fashion
Ný sending
Skór & töskur
Sérverslun með
Gabor
xena
FÁKAFENI 9 - (við hliðina á ísbúðinni)
Sími: 553 7060

Rýmum fyrir nýjum vörum
Rúmfatnaður, púðar, dúkar, baðsloppar, lök ásamt mörgu öðru með 20 – 50% afslætti. Tilboðin gilda fram á laugardag.
Íslensk hönnun á frábæru verði!
Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið
Sími 533 2220 www.lindesign.is
Lín DESIGN

Meirapróf
ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 5670300
NÝTT NÁMSKEIÐ HEFST 10. JÚNÍ

**MICHAEL J. FOX ER 48 ÁRA Í DAG.**

*„Fjölskyldan er ekki mikilvæg, hún er allt.“*

***Leikarinn Michael J. Fox er þekktur úr kvikmyndunum Back to the Future. Hann berst nú ötullega fyrir lækningu Parkinsonsjúkdómsins sem hann er haldinn.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 9. JÚNÍ 1973

## *Secretariat þrefaldur sigurvegari*



Á þessum degi árið 1973 vann kappreiðahesturinn Secretariat Belmont Stakes-kappreiðarnar í Bandaríkjunum. Þar með varð hann fyrsti Triple Crown-sigurvegarinn frá árinu 1948, en það merkir að sami hestur sigri í þremur kappreiðum sem haldnar eru í maí og júní ár hvert. Þetta eru Kentucky Derby, Preakness Stakes og Belmont Stakes.

Secretariat hljóp brautina í Belmont, sem er ein og hálf míla, á 2 mínútum og 24 sekúndum. Það var met sem stendur enn í dag og margir trúa að verði aldrei slegið.

Hestinum voru gefnar yfirgnæfandi vinningslíkur og því var vinsælt að veðja á hann. Knapi hestsins, Ron Turcotte, taldi þó líkur á að hesturinn Sham myndi veita þeim mikla samkeppni. Í upphafi kapphlaupsins hélt Sham í við „ofurhestinn,“ en ljóst var að hann hafði ekki roð við Secretariat enda lauk Sham keppni síðastur. Smám saman dró í sundur með Secretariat og hinum hestum keppninnar og á endanum kom Secretariat í mark 31 hestlengd á undan næsta hesti.

Mörgum árum seinna, þegar Secretariat var allur, töldu menn sig komast að ástæðu yfirburða hestsins. Hjarta hans vóg 22 pund, sem er tvöfalt þyngra en hjá venjulegum kappreiðahesti.

## MERKISATBURÐIR

**1741** Ferming barna er lögfest á Íslandi en hafði áður tíðkast um aldaraðir.

**1878** Dýragarðurinn í Leipzig er stofnaður.

**1880** Hornsteinn er lagður að Alþingishúsinu við Austurvöll. Húsið var síðar tekið í notkun 1. júlí 1881.

**1957** Broad Peak, tólfta hæsta fjall heims, er klifið í fyrsta sinn.

**1963** Alþingiskosningar eru haldnar á Íslandi.

**1976** Benny Goodman kemur til Íslands og heldur tónleika á Listahátíð í Reykjavík. Hann var nefndur „konungur sveiflunnar“.

**2006** Opnunarleikur Heimsmeistaramótsins í knattspyrnu er leikinn á Allianz Arena í München.

## AFMÆLI



**NATALIE PORTMAN** leikkona er 28 ára



**HELGI HJÖRVAR** alþingismaður, er 42 ára



**MIROSLAV KLOSE** knattspyrnumaður er 31 árs



**JOHNNY DEPP** leikari er 46 ára


*Faðir okkar,*

**Hörður Arinbjarnar**

Álfaborgum 9, Reykjavík,

lést á heimili sínu 2. júní. Sálumessa verður í Kirkju Krists Konungs, föstudaginn 12. júní kl. 13.00.

**Edda Arinbjarnar, María Arinbjarnar.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Sveinn G. Scheving**

vélstjóri,

andaðist þann 5. júní sl. á Hjartadeild Landspítala Íslands. Útför hans verður gerð frá Fríkirkjunni í Reykjavík, föstudaginn 12. júní kl. 13.00.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartaheill, Landssamtök hjartasjúklinga.

**Kristín Einarsdóttir**
**Ómar Þór Scheving** — **Eva Hlín Thorarensen**
**Birgir Scheving** — **Paz Alvarez Beneyto**
**Daníel Scheving** — **Inga Jasonardóttir**
**Reynir Scheving** — **Kristín Helgadóttir**
**og barnabörn.**



*Okkar ástkæri sonur, bróðir, barnabarn og barnabarnabarn,*

**Arnór Alex Ágústsson**

Laufvangi 9, Hafnarfirði,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans þriðjudaginn 2. júní. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 10. júní kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeir sem vilja minnast hans er bent á Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

**Hjördís Þórarinsdóttir** — **Sigurbjörn Ágúst Ágústsson**
**Silja Rut Tómasdóttir**
**Þórarinn Böðvarsson** — **Sigrún Ögmundsdóttir**
**Ágúst Guðjónsson** — **Ragnheiður Ágústsdóttir**
**Sigurfljóð Jónsdóttir**




**VIÐ ENDURVINNSLUHAUG** Elías Ólafsson stjórnarformaður og Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Gámaþjónustunnar, á svæði fyrirtækisins að Berghellu í Hafnarfirði en þar verður haldið upp á 25 ára afmæli fyrirtækisins á föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**GÁMAÞJÓNUSTAN:** HELDUR UPP Á 25 ÁRA AFMÆLI

# VIÐHORFIÐ HEFUR GERBREYST

„Viðhorf Íslendinga til endurvinnslu hefur gerbreyst. Fyrir 25 árum þótti sjálfsagt að henda öllu rusli á einn stað. Þá var farið með allt upp í Gufunes, sturtað þar og urðað yfir það,“ segir Elías Ólafsson, stjórnarformaður Gámaþjónustunnar sem er 25 ára um þessar mundir. „Upp úr 1991, þegar Sorpa tók til starfa, jókst áhuginn á því að gera eitthvað skynsamlegt við þennan úrgang því mikið af honum er nú ekki óskaplega ógeðslegt eða athugunarvert ef það fær rétta meðferð,“ segir Elías og bendir á að mikið af því sem fari í ruslið hafi á einhverjum tímapunkti staðið uppi á eldhúsborði.

Bróðir Elíasar og forstjóri fyrirtækisins í dag, Benóný Ólafsson, stofnaði fyrirtækið með stuðningi fjölskyldu og vina árið 1984 til að mæta þörf sem hann taldi vera til staðar. „Hann keypti sér einn vörubíl og tuttugu til þrjátíu gáma og hófst handa,“ segir Elías en fljótlega kom í ljós að heilmikill markaður var fyrir þá þjónustu sem Benóný hafði að bjóða enda hafði hún ekki boðist í neinum mæli áður. „Þannig stækkaði fyrirtækið mjög hratt fyrstu árin og hefur verið að stækka alveg til dagsins í dag,“ útskýrir Elías og bætir við að Benóný hafi til að byrja með verið eini starfsmaður fyrirtækisins og gegnt bæði störfum bílstjóra og skrifstofumanns fyrstu árin, enda rak hann fyrirtækið mikið til heiman að frá sér.

Segja má að skynsemin hafi ávallt verið höfð að leiðarljósi í rekstri félagsins. „Við gættum að því að taka aldrei arð út úr fyrirtækinu heldur var hann látinn renna inn í reksturinn til að fjármagna nýja gáma og bíla. Þannig hefur fyrirtækið fengið að vaxa í rólegheitum án þess að teknir væru út úr því peningar,“ útskýrir Elías en í gegnum árin hefur starfsmönnum boðist að gerast hluthafar, sem margir hafa þegið. „Við höfum hins vegar ekki farið út í að bjóða fjárfestingaraðilum hlutafé,“ segir Elías. Gámaþjónustan fór sér þannig hægar en margir í þenslunni sem hefur einkennt samfélagið undanfarin ár. Þó hefur fyrirtækið fært út kvíarnar og fjárfest nokkuð í svipuðum fyrirtækjum í Lettlandi. „Það hefur gengið vel, starfsemin úti er svipuð og hér heima og með svipaðri veltu þó að starfsmennirnir séu mikið fleiri í Lettlandi, enda er þar unnið meira með höndum,“ útskýrir Elías en starfsmenn Gámaþjónustunnar á Íslandi eru um 150 og tvöfalt fleiri í Lettlandi.

En hvað á að gera í tilefni tímamótanna? „Við ætlum að bjóða viðskiptavinum, birgjum, starfsmönnum, hluthöfum og öllum velunnurum að fagna með okkur og njóta léttra veitinga á föstudaginn milli klukkan 16 og 18,“ segir Elías. Veislan fer fram að Berghellu 1 í Hafnarfirði þar sem Gámaþjónustan hefur byggt upp aðalsvæði sitt undanfarin ár.

**solveig@frettabladid.is**

# Gleði á stóra leikskóladeginum

„Það kom fullt af fólki og var voða gaman,“ segir Kolbrún Vigfúsdóttir, þróunarfulltrúi Reykjavíkurborgar um stóra leikskóladaginn sem var haldinn í fyrsta sinn um síðustu helgi. Þetta var uppskeruhátíð leikskólasviðs borgarinnar og hún fór fram við gamla Miðbæjarskólann. Myndbönd og margs konar efniviður var til sýnis, verkefni voru kynnt og fyrirlestrar fluttir. Auk þess sýndu börn dans úti undir berum himni.

„Tilgangurinn var að veita leikskólunum tækifæri til að kynna sitt gróskumikla starf,“ segir Kolbrún. „Þarna var margt áhugavert að skoða og dagurinn var í alla staði vel heppnaður og ánægjulegur.“ **- gun**



**GAMAN** Brugðið var á leik úti í portinu við Miðbæjarskólann.

**NAFNIÐ MITT:** MARÍANNA CLARA LÚTHERSDÓTTIR

# *Þótti nafnið stórt*

„Ég heiti eftir ömmum mínum tveimur, Marianne Sthen Ólafsson og Sigurbjörgu Clöru Lúthersdóttur," segir Maríanna Clara Lúthersdóttir leikkona, sem er þessa dagana að leika í farsanum Við borgum ekki í Borgarleikhúsinu. Hún segist ekki vera klár á hvað Clara þýði en fyrra nafn hennar sé samsett úr nöfnum mömmu og ömmu Jesú, en amma hans hét Anna. „Mig rámar í að nafnið þýði eitthvað í líkingu við „hið góða" án þess að ég hafi kynnt mér þetta alveg niður í kjölinn. Ég veit hins vegar ekki hvað Clara þýðir en tengi nafnið alltaf við fötluðu stúlkuna í sögunum um Heiðu í Ölpunum. Og ef ég held áfram í bókmenntunum þá var Maríanna leiðinlega stúlkan með permanentið í bókinni Fimmtán ára á föstu. Nafnið hefur sem sagt ekki komið sérstaklega vel út í unglingabókmenntum." Maríanna er þó ánægð með hvaða tónlistarmenn hafa tekið nafn hennar inn í lagasmíðar sínar en Leonard Cohen og Pixies hafa sungið um Marianne.

„Þetta var svolítið stórt nafn að bera þegar ég var yngri og var ég alltaf kölluð Malla, þar til vinkonur mínar tóku það upp hjá sér að kalla mig Maríönnu um tíu ára aldur. Fjölskyldan kallar mig hins vegar ennþá Möllu." Maríanna segist gjarnan lenda í því að fólk heyri nafn hennar vitlaust, er oft kölluð Anna María. Ýmsar útgáfur af stafsetningu nafnsins hefur hún líka séð, til dæmis Marijana. „Ég var svo stundum kölluð „Maríjúana" af vinum mínum í menntaskóla," segir hún að lokum.



**LEIÐINLEGA STELPAN Í FIMMTÁN ÁRA Á FÖSTU** Maríanna Clara var ekki ánægð með að „vonda" stelpan í unglingabókinni Fimmtán ára á föstu bar nafn hennar. Uppreisn æru fékkst hins vegar í því að Leonard Cohen og Pixies nota nafn hennar í lögum sínum.

# Hús unga fólksins opnað í dag

Austurbæjarbíó – Hús unga fólksins verður opnað formlega í dag, 9. júní. Markmið miðstöðvarinnar er að bjóða ungu fólki upp á aðstöðu og aðstoð við framkvæmd hugmynda sinna. Virkir þátttakendur hússins móta fjölbreytta dagskrá sumarsins og sköpunarkraftur þeirra verður nýttur við andlitslyftingu á Austurbæjarbíói. Auk þess verður boðið upp á hressingu fyrir þá sem aðeins vilja kíkja við til að sýna sig og sjá aðra. Haft verður að leiðarljósi að skapa vettvang þar sem öllum er frjálst að koma á sínum eigin forsendum og taka þátt í að skapa sér eitthvað skemmtilegt að gera í sumar.

Tveir sjóðir hafa verið stofnaðir og hægt er að sækja um styrki úr þeim til að koma verkefnum af stað.

Þeir aðilar sem standa að opnun Austurbæjarbíós eru Samfélagið Frumkvæði (frumkvaedi.is), Hitt húsið, Rauði krossinn, Lýðheilsustöð og Samband íslenskra framhaldsskólanema.

Opnunarhátíð fer fram með pompi og prakt þriðjudaginn 9. júní og mun skrúðganga fara af stað klukkan 18 frá klukkunni á Lækjartorgi. Leiðin liggur upp í Austurbæjarbíó þar sem tekið verður á móti gestum með grillveislu, kynningu á starfi hússins og ýmsum tónlistaratriðum. Við hvetjum alla til að mæta og fagna opnun Austurbæjarbíós.

**AUSTURBÆJARBÍÓ** Hús unga fólksins verður opnað formlega í dag.



# Frá hönnun til útflutnings

Útflutningsráð Íslands og Hönnunarmiðstöð Íslands standa fyrir ráðstefnu fimmtudaginn 11. júní frá klukkan 9 til 12 í húsakynnum Kaupþings að Borgartúni 19.

Á ráðstefnunni kynna fyrirtæki og hönnuðir afrakstur verkefnisins Frá hönnun til útflutnings og þann árangur sem verkefnið hefur skapað.

Auk þess mun hinn margverðlaunaði danski hönnuður Kasper Salto halda fyrirlestur um samstarf sitt við ýmis fyrirtæki.

Markmið verkefnisins var að leiða saman fyrirtæki og hönnuði í vöruþróun til útflutnings. Samstarfinu er ætlað að efla þátt hönnunar innan fyrirtækja með það að leiðarljósi að skapa ný tækifæri í útflutningi og innleiða sýn hönnunar og þróunar á útflutningsvöru og þjónustu. www.utflutningsrad.is



**HÖNNUÐUR** Kasper Salto flytur fyrirlestur á ráðstefnunni.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurjón Ingólfsson**
frá Skálholtsvík, Sléttuvegi 13, Reykjavík,

lést á líknardeild Landakotsspítala, fimmtudaginn 4. júní. Útförin auglýst síðar.

**Sigfríður Jónsdóttir**
**Þorgerður Sigurjónsdóttir** **Gunnar Benónýsson**
**Anna Sigurjónsdóttir** **Guðjón Jóhannesson**
**Barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskulegur eiginmaður minn,*

**Franch Michelsen**
úrsmíðameistari,

er látinn.

**F.h. fjölskyldunnar, Guðný Jónsdóttir.**

---



*Ástkær sonur okkar,*

**Snorri Benediktsson**
Engihjalla 1, Kópavogi,

andaðist að heimili sínu föstudaginn 5. júní.

**Mekkín Kjartansdóttir** **Benedikt Bjarnason**

---



*Alúðar þakkir færum við öllum þeim er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Bjargar Steindórsdóttur**
áður til heimilis að Grænumýri 7, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Seli og Kristnesspítala fyrir góða umönnun. Guð blessi ykkur öll.

**Hulda Kristjánsdóttir** **Gestur Jónsson**
**Kristján Gestsson** **Ingibjörg Dagný Jóhannsdóttir**
**Jón Ásgeir Gestsson** **Hrund Steingrímsdóttir**
**Árni Björn Gestsson**
**Þóra Steinunn Gísladóttir**
**Gísli Sigurjón Jónsson**
**Björg Þórhallsdóttir**
**Höskuldur Þór Þórhallsson** **Þórey Árnadóttir**
**Anna Kristín Þórhallsdóttir** **Runólfur Viðar Guðmundsson**
**og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Leifur Karlsson**
lést í Kaupmannahöfn laugardaginn 6. júní 2009.

Útförin mun fara fram miðvikudaginn 10. júní nk. kl. 12.00 að dönskum tíma í Østervangkirken, Dommervangen 2, 2600 Glostrup, Danmörku. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík.

**Björk Jónsdóttir**
**börn, barnabörn og tengdabörn.**

---



*Elskulegur bróðir minn, mágur og frændi,*

**Svanlaugur Magnússon (Lilli)**
Ægisgrund 19, Garðabæ,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 28. júní. Útför hans verður gerð frá Háteigskirkju miðvikudaginn 10. júní klukkan 15.00.

**Ragnheiður Magnúsdóttir** **Friðgeir Hallgrímsson**
**Eva Friðgeirsdóttir** **Bjarni Gunnarsson**
**Hallgrímur Friðgeirsson** **Þorbjörg Dögg Árnadóttir**
**Sesselja Friðgeirsdóttir**
**Magnús Pétur, Friðgeir Óli og Sigríður Dís Bjarnabörn.**
**Árni Freyr, Anton Hrafn og Karen Dögg Hallgrímsbörn.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Halldóra Guðrún Björnsdóttir**
Furugrund 60, Kópavogi, áður til heimilis að Heiðarvegi 64, Vestmannaeyjum,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi fimmtudaginn 4. júní sl. Útförin verður gerð frá Digraneskirkju föstudaginn 12. júní kl. 15.00.

**Jóhanna Bogadóttir**
**Eiríkur Bogason** **Guðbjörg Ólafsdóttir**
**Kristján Bogason** **Jóhanna Emilía Andersen**
**Svava Bogadóttir** **Kristján Bjarnason**
**Gunnar Bogason** **Bergþóra Aradóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Halldóra Guðmundsdóttir**
Hlyngerði 12, Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut þriðjudaginn 2. júní. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 12. júní kl. 13.00.

**Sigtryggur Helgason**
**Þórhildur Sigtryggsdóttir** **Hrafnkell Óskarsson**
**Kristbjörg Hrund Sigtryggsdóttir** **Skapti Haraldsson**
**barnabörn.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Birna Salómonsdóttir**
Frostafold 14, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 4. júní.

**Salómon Viðar Reynisson**
**Þóra Lind Karlsdóttir**
**Ásgrímur Viðir Reynisson** **Helga Þorsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**
Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**








NOKKUR ORÐ
Freyr Bjarnason

# Þegar neyðin er stærst er hjálpin næst

Íslendingar þurfa á hjálp að halda. Prófessorar og aðrir fræðimenn skrifa pistla og koma fram í fjölmiðlum með ýmsar lausnir á vanda okkar og auðvitað höfum við ekki efni á öðru en að leggja við hlustir. Heimilin þurfa aðstoð til að sjá fram á bjartari tíma og ríkisstjórnin virðist þurfa aðstoð til að geta aðstoðað okkur hin. Meira að segja fótboltalandsliðið þarf sárlega á æðri mætti að halda ætli það einhvern tímann að ná árangri á alþjóðavettvangi.



Þegar neyðin er stærst er hjálpin næst og geta Íslendingar nú þakkað tveimur heimsfrægum mönnum fyrir hvatningarorð og góðvild að undanförnu. Enn er til fólk þarna úti sem sér að í okkur leynist styrkur sem getur fleytt okkur langt. Fyrstur steig fram leikstjórinn David Lynch, sem kynnti fyrir okkur innhverfa íhugun sem leið til að takast á við innri sárindi og eymsli. Sannkölluð himnasending og vonandi hefur fólk getað tileinkað sér þessi miklu fræði á leið sinni til innihaldsríkara og betra lífs. Hvort hliðarverkun sé sú að fólk verði jafn skrítið og persónurnar í myndum hans skal þó ósagt látið.

Næstur í heimsókn var sjálfur Dalai Lama. Í viðtölum í sjónvarpinu skín í gegn að hann er afar vitur einstaklingur sem tekst á við lífið með víðsýni og sjálfsstjórn að leiðarljósi, auk þess sem brosið er aldrei langt undan. Sannarlega kostir sem við gætum notast við um þessar mundir.

Hvað getum við fleira lært af komu þessara manna? Jú, það á alltaf að hjálpa minni máttar og aðstoða þá í gegnum lífsins ólgusjó. Þrátt fyrir að hughreystingarorð dugi kannski ekki alltaf til að leysa vandann eru þau alltaf vel þegin og geta mögulega, þegar allt kemur til alls, gert gæfumuninn í að koma þeim á beinu brautina á nýjan leik.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Maður týndist í hafi

Þau eru sárafá dæmin um íslensk leikverk sem fjalla um sjómenn og lýsa þeirra heimi þótt þau hafi raunar sprottið upp nokkur á síðustu misserum. Jón Atli Jónasson á tvö þeirra; Brim, sem brátt verður að kvikmynd, og Djúpið, sem frumsýnt var á föstudag. Annað Djúp, Steinar í djúpinu, hefur valdið nokkru fári síðustu daga en það sótti heimsmynd sína í verk Steinars Sigurjónssonar og í túlkun Rúnars Guðbrandssonar og Verkstæðis Loka kom líf sjómanna þar við sögu.

Hin síðari verk sem hafa á þessu tæpt eru fá: þótt sjómennska sé eitt af þemum Hart í bak getur varla talist að það hafi sjómennskuna að þungamiðju, ekki frekar en Haf Ólafs Hauks sem er raunar erfðadrama frekar en annað. Það er erfitt að gera sér grein fyrir þessari fælni leikhússins að takast á við skip og áhöfn. Er heimur skipsins samsettur af svo þröngum og fáum reglum, svo þungum og alvarlegum dramatískum átökum, að við skirrumst við að reyna að lýsa honum?

Það reynir Jón Atli í einleik sínum, Djúpinu: hann hefur í stóran sjóð að sækja. Sjóslysasaga okkar er látlítil, við höfum tapað þúsundum manna í sjóinn. Öll okkar saga er drifin drukknun í hafi. Sjóslysasögur eru nánast til í hverri fjölskyldu þótt þöggunin, harmurinn, gangi sjaldan í marga liði og gleymist í öðrum og þriðja. Meiri skelfing en við fáum rætt. Það er undarlegt að sitja frammi fyrir háaldraðri konu sem enn grætur bróður sem hún missti í sjóinn snemma á stríðsárunum.

Einleikurinn Djúpið kann að virðast skrifaður fyrir Ingvar E. Sigurðsson en hann er raunar helst til fullorðinn fyrir verkið. Verkið tók um fimm stundarfjórðunga í flutningi, byrjaði á frekar hægum nótum þar sem sjómaðurinn vaknar í þorpinu sínu í húsi foreldra sinna og læðist út í nóttina, fer niður í bát, 300 tonna stálbát. Við kynnumst draumum, fjölskyldulífi, félögunum um borð. Svo er stímt út.

Mér þótti margt ærið klisjukennt í þessu upphafi, orðaval stundum undarlegt: „niðurinn í vélinni bergmálar í fjöllunum“ – getur niður bergmálað? Svona smáatriði. Þetta var mattur en öruggur fasi hjá Ingvari, látlaus, samanbitinn eins og er gjarnan í flutningi hans. En svo kom veltan…

Okkar maður kemst á kjöl og freistar þess að synda í land, synda eitthvert þegar báturinn fer niður. Þessar fyrstu mínútur – nær hálftími, eftir að hann vaknar og verður að komast út, komast á kjöl og syndir af stað, voru ótrúlega vel hugsaðar af höfundi og leikara, frábærlega framkvæmdar svo manni rann kalt vatn milli skinns og hörunds.

Svo fer fókusinn á reik: nú þekkjum við frásagnir af mönnum í sjó, hvað þeir taka til bragðs til að halda sér vakandi og huganum kvikum: samtölin við hina sem fóru niður og þá sem heima eru, við sjálfa sig, söngvana, baráttufasann áður en þeir missa tök á hugsuninni og vitundin þyrlast í allar áttir, ofskynjun tekur við, ofheyrnir, hugurinn örmagnast á undan líkamanum.

Jón Atli fer í gegnum suma af þessum fösum í harla frjálsu vitundarflæði og þeim Ingvari tekst að halda energíi lengst af. Það var helst stutt stund við píanó sem mér þótti falla í spennu og styrk, þótt hún veiti Ingvari smáhvíld til að keyra síðan upp í lyktir einleiksins.

Nú er það líkamlegt og andlegt þrekvirki að flytja svona einleik og ekki á færi nema manna sem eru komnir á topp þjálfunar og þekkingar á sjálfum sér sem tæki. Menn skulu því koma sér að sjá einhverja af þessum sýningum sem verða hér næstu daga. Jón Atli, Ingvar og félagar ætla að fara hringinn með leikinn. Hann verður fluttur áfram í haust. Það er í þeirri fyrirhöfn ekki ósvipað og í sýningum Vesturports á Brimi um árið í fámennum byggðum, hugsýn sem snertir gamlan og gleymdan kjarna íslenskrar leiklistarstarfsemi frá því um miðja síðustu öld sem við þykjumst í stofnunum okkar ekki hafa efni á lengur. Það er virðingarvert framtak og ég veit því erindi verður fagnað víðast með þetta efni. Ónefndur er hlutur ljóss og hljóða sem var unninn af stakri smekkvísi.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

**LEIKLIST**

**Djúpið**

eftir Jón Atla Jónasson

Leikstjóri: Jón Atli Jónasson

Lýsing: Björn Bergsteinn Guðmundsson

Leikmynd: Árni Páll Jóhannsson

Hljóðheimur: Hilmar Örn Hilmarsson

★★★★★

Ekki gallalaust verk en feikivel flutt og áhrifamikið.



**LEIKLIST** Ingvar E. Sigurðsson er full gamall fyrir hlutverk sitt en til að hafa á því full tök þarf menn með áralanga reynslu. MYND/LR

Bílalegubílar Sumarhús í Danmörku

Ódýrari bílaleigubílar fyrir Íslendinga.

Frá dkr. 1975,- vikan *)

Innifalið í verði; ótakmarkaður akstur, allar tryggingar, engin sjálfsábyrgð. (Afgr.gjöld á flugvöllum).

Höfum allar stærðir bíla, 5-7 manna og minibus 9 manna.

*) verð miðað við 2ja vikna leigu

DanCenter

Sumarhús

Útvegum sumarhús í Danmörku af öllum stærðum

Danland

Fjölskylduvæn orlofshverfi

Fjölbreyttar upplýsingar á www.fylkir.is

FYLKIR.IS FERÐASKRIFSTOFA — Bestir í Danmörku

Sími 456 3795 - 896 3745

www.lyfja.is

ESTĒE LAUDER

Gjöfin þín í Lyfju




Allt þetta fyrir þig ef þú verslar vörur frá Estée Lauder fyrir 3.900 kr. eða meira í Lyfju Lágmúla, Lyfju Smáratorgi og Lyfju Selfossi dagana 9.-14. júní.

**Gjöfin inniheldur:**

Hydra Complete 7 ml – rakakrem

Hydra Complete 5 ml – augnkrem

Gentle Eye Makeup remover 30 ml – augnfarðahreinsi

Pure Color – augnskugga, litur pale moon

Pure Color gloss – tveir litir, plum og fresh berry

Fallega snyrtitösku

Verðgildi kr. 9.900.-

*meðan birgðir endast

LYFJA

- Lifið heil




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| TERMINATOR SALVATION | kl. 8D - 10:30D | 12 |
| MANAGEMENT | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| ADVENTURELAND | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| CORALINE 3D m/ísl.tali | kl. 5:50(3D) | L |
| LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| HANNAH MONTANA | kl. 5:50 | L |
| STAR TREK XI | kl. 8 - 10:30 | 10 |
| STAR TREK XI | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| MANAGEMENT | kl. 6 - 8:10 - 10 | 10 |
| GOTT SILFUR GULLI BETRA | kl. 6 - 8 | L |
| ADVENTURELAND | kl. 8:10 - 10:20 | 12 |
| CORALINE 3D m/ísl.tali | kl. 6(3D) | L |
| CORALINE 3D m/ensku tali | kl. 10:20(3D) (ótextuð) | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| GOTT SILFUR GULLI BETRA | kl. 8 | L |
| CRANK 2 | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| GOTT SILFUR GULLI BETRA | kl. 8 | L |
| STAR TREK XI | kl. 10 | 7 |
| LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 8 | 16 |
| LET THE RIGHT ONE IN | kl. 10 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| TERMINATOR SALVATION | kl. 8 - 10:20 | 14 |
| GOTT SILFUR GULLI BETRA | kl. 8 | L |
| THE BOAT THAT ROCKED | kl. 10 | 12 |

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ Í DAG
KR. 500
http://facebook.sambioin.is

NÝTT Í BÍÓ!







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| TERMINATOR: SALVATION | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| TERMINATOR: SALVATION LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 3.30 - 5.40 - 8 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 5 - 6 - 8 - 9 | 14 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 3.30 - 10.20 | 14 |
| MÚMÍNÁLFARNIR | kl. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| TERMINATOR: SALVATION | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 6 - 9 | 14 |
| THE BOAT THAT ROCKED | kl. 10 | 12 |
| DRAUMALANDIÐ SÍÐUSTU SÝNINGAR | kl. 6 - 8 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 500 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 5.30 - 8.30 | 14 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| BOAT THAT ROCKED | kl. 5.20 - 8 | 12 |
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 10.40 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| TERMINATOR: SALVATION | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 5.50 - 10.15 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 8 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI
AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus




ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR
500 KR Á ALLAR MYNDIR
ATH! GILDIR EKKI Á MYNDIR Í 3D

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| TERMINATOR SALVATION | kl. 5.45, 8 og 10.15-POWER | 14 |
| CORALINE 3D | kl. 3.45 - Ísl. tal | L |
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 4, 6 og 8 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 4, 7 og 10 | 14 |
| 17 AGAIN | kl. 10 | L |




**STOLT** Sigrún Kristjónsdóttur og Jónína H. Jónsdóttir, móðir Jóns Atla höfundar Djúpsins.



**BIÐU SPENNT** Stefanía Júlíusdóttir og Þórleifur Ólafsson sáu Ingvar á föstudag.



**GLÆSILEG AÐ VANDA** Marta Norðdal og Kristján Garðarsson létu sig ekki vanta í Borgarleikhúsið. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# DJÚPINU VEL TEKIÐ

**Frumsýningargestir Djúpsins, nýs verks Jóns Atla Jónassonar, létu vel af sýningunni, en frumsýnt var á föstudagskvöld. Verkið er einleikur, en Ingvar E. Sigurðsson leikur sjómanninn sem verkið fylgir eftir.**



**MÆTTAR GALVASKAR** Halldóra Björt Ewen og Sóley Tómasdóttir brostu sínu breiðasta.



**Í FRÉTTUM VAR ÞETTA HELST** Jónína María og Bogi Ágústsson eru með puttann á púlsinum.

# Spandex, gítarar og hárkollur

„Þetta gekk ótrúlega vel," segir Kitty Von Sometime um áttunda stykki Weird Girls Project-hópsins, sem tekið var upp seinasta laugardag. Verkefnið var að þessu sinni myndband við lag Agent Fresco, Eyes of a Cloud Catcher, en fleiri stelpur en nokkru sinni fyrr tóku þátt, alls 27 talsins. Þá var þetta fyrsta myndband hópsins sem tekið var upp í myndveri.

Stelpurnar voru klæddar í spandex-galla, með Marie Antoinette-hárkollur á höfðinu. Þá var notast við hundrað uppblásna gítara og helíumblöðrur, en aðaláhersla var á líkama stelpnanna.

Unnið var með hópi atvinnumanna að tökunum. „Það var mjög áhugavert að sjá þetta frá þeirra sjónarhorni, af því að þeir eru vanir því að fólk æfi fyrir tökur," segir Kitty. „Það að stelpurnar vissu ekki einu sinni hvert þær voru að fara fyrr en um morguninn var kannski pínulítið ógnvænlegt fyrir þá." Hún segir hins vegar allt hafa gengið eins og í sögu.

Hljómsveitin heimsótti stelpurnar um eftirmiðdaginn. „Þeir voru virkilega spenntir yfir því sem þeir fengu að sjá og ætla í kjölfarið að gefa út sérstaka útvarpsútgáfu af laginu, við myndbandið."

Agent Fresco mun fara á tónleikaferðalag um Evrópu í sumar, en myndbandið var meðal annars gert með það fyrir augum að hljómsveitin gæti sent það á undan sér. Er litið til MTV í þeim efnum.



**BAKVIÐ TJÖLDIN** Kitty Von Sometime leiðbeinir stúlkunum skrítnu í nýju myndbandi Agent Fresco. MYND/SAGA VILBERGS



**SÁTTIR** Agent Fresco-liðar voru hæstánægðir með samstarfið við Weird Girls.

Dazed and Confused-tímaritið fékk einkarétt á myndum úr myndbandinu. „Þeir héldu eftir nokkrum síðum fyrir mig, þangað til snemma í morgun." Munu myndirnar birtast í næsta eða þarnæsta tölublaði.

- kbs



# Vilt þú sleppa erfðabreyttum lífverum út í íslenska náttúru?

**Fyrir Umhverfisstofnun liggur nú umsókn um leyfi til útiræktunar á erfðabreyttu byggi til lyfjaframleiðslu í Gunnarsholti á Rangárvöllum.**

**Áður en svo afdrifarík ákvörðun er tekin er þörf á víðtækri umræðu meðal þjóðarinnar.**

Fullnægjandi mat á áhættu fyrirhugaðrar sleppingar fyrir gróður og lífríki jarðvegs og grunnvatns hefur ekki farið fram.

Áhrif erfðabreytts lyfjabyggs á heilsufar dýra hefur ekki verið kannað með tilraunum.

Áhrif erfðabreytts lyfjabyggs á heilsufar manna hafa ekki verið könnuð og metin á viðhlítandi hátt. Komist erfðabreytt bygg í fæðukeðjuna kann það að hafa alvarlega áhættu í för með sér fyrir matvælaöryggi.

Útiræktun á erfðabreyttu lyfjabyggi hér á landi kann að ógna útflutningi á íslenskum landbúnaðarvörum til Wholefoods í Bandaríkjunum og víðar.

Útiræktun á erfðabreyttu lyfjabyggi getur skaðað hreinleikaímynd Íslands sem ein stærsta atvinnugrein okkar, ferðaþjónustan, byggir markaðssetningu sína á.

Verði leyfi til slíkrar ræktunar veitt verður Ísland undantekning frá samfélagi Evrópuþjóða sem forðast í vaxandi mæli erfðabreyttar lífverur með strangri löggjöf og stofnun svæða án erfðabreyttrar ræktunar.

Erfðabreytt bygg er ræktað til framleiðslu á prótínum sem nefnast vaxtarþættir. Vaxtarþættir eru gríðarlega virk lífefni sem ætlað er að hafa áhrif á frumuvöxt.

Til þess að lágmarka hættu á mengun íslenskrar náttúru og nytjalands af völdum erfðabreytts byggs ber eingöngu að leyfa ræktun þess í lokuðu kerfi innandyra og undir ströngu eftirliti.

**Kynningarátak um erfðabreyttar lífverur**

Næst

## > Jónas Guðni til reynslu í Svíþjóð

Jónas Guðni Sævarsson, leikmaður KR, er nú til reynslu hjá sænska úrvalsdeildarfélaginu Halmstad. Ólafur Garðarsson, umboðsmaður hans, staðfesti það við Fréttablaðið í gær. Jónas kemur heim í dag en hann fór utan á mánudag og var því dvölin stutt. Hann er 25 ára gamall og kom til KR frá Keflavík fyrir tímabilið í fyrra. Hann á einnig að baki sex leiki með A-landsliði Íslands og hefur skorað í þeim tvö mörk.



# sport

sport@frettabladid.is

**ÓLAFUR JÓHANNESSON LANDSLIÐSÞJÁLFARI:** ENGIN AGABROT FRAMIN EFTIR HOLLANDSLEIKINN

## *Allir leikmenn skiluðu sér á hótelið á réttum tíma*



Ísland mætir á morgun liði Makedóníu í undankeppni HM 2010 í knattspyrnu ytra. Liðið tapaði fyrir Hollandi á Laugardalsvellinum á laugardaginn og hélt liðið utan strax á sunnudaginn. Orðrómur hefur verið á kreiki um að sumir landsliðsmannanna hafi skellt sér út á lífið eftir leikinn gegn Hollandi en Ólafur segir að allir þeir leikmenn sem fóru með til Makedóníu hafi virt þær reglur sem hann setti.

„Það voru engin agabrot framin," sagði Ólafur. „Ég setti þá reglu að leikmenn mættu fara og hitta sínar fjölskyldur. Þeir máttu fara út á lífið, fá sér að borða og einn eða tvo bjóra. Þeir máttu ekki láta sjá sig á veitingastöðum í miðbæ Reykjavíkur og enginn þeirra gerði það. Þeir þurftu svo að vera komnir aftur upp á hótel fyrir klukkan eitt eftir miðnætti. Ég tók sjálfur á móti þeim og þeir skiluðu sér allir á réttum tíma."

Fimm leikmenn sem voru í landsliðshópnum fyrir Hollandsleikinn fóru ekki með til Makedóníu. Þeir Hermann Hreiðarsson, Indriði Sigurðsson og Aron Einar Gunnarsson fengu allir gult spjald í leiknum gegn Hollandi og taka því út leikbann í leiknum á morgun. Eiður Smári Guðjohnsen meiddist í leiknum og fór því ekki með, né heldur Theodór Elmar Bjarnason sem dró sig úr hópnum á laugardaginn þegar í ljós kom að hann yrði ekki í átján manna leikmannahópnum sem mætti Hollandi síðar um daginn.

„Ég rak alla þá leikmenn sem fóru ekki með til Makedóníu af hótelinu eftir leikinn á laugardaginn. Þeir voru því komnir í sitt frí og ég veit að þeir fóru út á lífið – enda hef ég ekkert út á það að setja."

Theodór Elmar sagði í viðtali við Morgunblaðið í gær að hann hefði dregið sig úr hópnum þar sem hann hefði „engin tækifæri fengið" síðan Ólafur tók við liðinu. Hann var ósáttur við að Ólafur hefði ákveðið að nota bakverði á köntunum í leiknum á meðan hann sjálfur kæmist ekki í hópinn.

„Ég hef ekki séð þessi ummæli sem höfð eru eftir honum. Það er alltaf slæmt að missa leikmenn og það er slæmt að missa hann. Meira hef ég ekki að segja um málið."

## ÚRSLIT

*Pepsi-deild kvenna*

| | |
|---|---|
| **Breiðablik - Fylkir** | **3-1** |
| **Valur - Stjarnan** | **2-2** |
| **ÍR - KR** | **1-4** |
| **Þór/KA - Keflavík** | **5-1** |
| **GRV - Afturelding/Fjölnir** | **0-1** |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Valur** | **7** | **5** | **1** | **1** | **33-11** | **16** |
| Breiðablik | 7 | 5 | 1 | 1 | 20-7 | 16 |
| **Stjarnan** | **7** | **5** | **1** | **1** | **15-4** | **16** |
| Fylkir | 7 | 4 | 1 | 2 | 19-9 | 13 |
| **Þór/KA** | **7** | **3** | **1** | **3** | **23-17** | **10** |
| Aft./Fjölnir | 7 | 3 | 1 | 3 | 10-13 | 10 |
| **GRV** | **7** | **3** | **0** | **4** | **6-16** | **9** |
| KR | 7 | 2 | 1 | 4 | 12-9 | 7 |
| **ÍR** | **7** | **1** | **1** | **5** | **6-33** | **4** |
| Keflavík | 7 | 0 | 0 | 7 | 5-30 | 0 |



**Í LÆKNISSKOÐUN** Kaka býr sig undir læknisskoðun í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

Brasilíumaðurinn Kaka:

## Við það að fara til Real Madrid

**FÓTBOLTI** Þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær var ekki búið að tilkynna að Brasilíumaðurinn Kaka myndi ganga til liðs við Real Madrid. Búist var hins vegar fastlega við því að það yrði tilkynnt á blaðamannafundi í Brasilíu seint í gærkvöldi.

Kaka er staddur í Brasilíu við æfingar með landsliðinu en brasilíska knattspyrnusambandið staðfesti í gær að hann hefði gengist undir læknisskoðun fyrr um daginn að beiðni Real Madrid.

Talið er að Real Madrid þurfi að greiða ítalska úrvalsdeildarfélaginu AC Milan 56 milljónir punda fyrir Kaka, eða um 11,5 milljarða króna. - esá

# Stjarnan fékk stig gegn Val

**Valur og Stjarnan skildu jöfn, 2-2, í toppslag Pepsi-deildar kvenna á Vodafonevellinum í gær. Umdeilt jöfnunarmark Stjörnunnar kom fimm mínútum fyrir leikslok. Þrjú lið eru efst og jöfn í deildinni með sextán stig eftir leikina í gær.**

**FÓTBOLTI** Það var hart barist þegar Valur og Stjarnan gerðu 2-2 jafntefli í toppbaráttuleik Pepsi-deildar kvenna í gær. Valsstúlkur réðu ferðinni á löngum köflum í leiknum og kantmennirnir Hallbera Guðný Gísladóttir og Rakel Logadóttir voru í fantaformi, en Valsstúlkur voru ekki nógu grimmar að klára sóknirnar. Stjörnustúlkur voru líka fastar fyrir og börðust um hvern einasta lausa bolta á vellinum. Þá var Sandra Sigurðardóttir hreint og beint frábær í marki gestanna og bjargaði oft á tíðum ótrúlega.

Valsstúlkum var refsað fyrir að nýta ekki færin á 34. mínútu þegar Stjörnustúlkan Björk Gunnarsdóttir lék á hvern varnarmanninn á fætur öðrum og sendi svo á Soffíu Arnþrúði Gunnarsdóttur sem skoraði af stuttu færi. Staðan var 0-1 fyrir gestina úr Garðabæ í hálfleik.

Valsstúlkur fengu draumabyrjun á síðari hálfleik og á 50. mínútu átti sér stað einhver misskilningur á milli varnarmanna Stjörnunnar og Söndru í markinu og Kristín Ýr Bjarnadóttir komst í milli og renndi boltanum í autt markið.

Valsstúlkur tóku svo forystu í leiknum á 57. mínútu þegar Rakel lúrði á fjærstönginni og fékk frábæra sendingu frá Hallberu og skoraði með föstu skoti.

Mikil harka færðist í leikinn á lokakaflanum, enda toppsæti deildarinnar í húfi og fljúgandi tæklingar úti um allan völl.

Valsstúlkur gerðu oft harða atlögu að marki Stjörnunnar en það voru gestirnir sem skoruðu. Há sending kom inn í vítateig Valsstúlkna og upp úr þvögunni í teignum fengu Stjörnustúlkur vítaspyrnu, að því er virtist fyrir bakhrindingu á varamanninum Aniku Laufeyju Baldursdóttur. Umdeilt atvik en Valsstúlkur héldu að verið væri að dæma hendi á Aniku Laufeyju og létu óánægju sína í ljós.

Ásgerður Stefanía Baldursdóttir tók vítið og María Björg varði fyrst skot hennar en Ásgerður hirti frákastið og skoraði af stuttu færi. Markið kom á 86. mínútu og reyndist síðasta mark leiksins.

„Ég er mjög ánægður með stigið. Valsstelpurnar óðu náttúrlega í færum í leiknum en við börðumst gríðarlega vel og Sandra var frábær í markinu. Valur hefði líklega skorað fjölda marka gegn öllum öðrum markvörðum í deildinni en þessum," segir Þorkell Máni Pétursson, þjálfari Stjörnunnar.

Freyr Alexandersson, þjálfari Vals, var ekki jafn sáttur í leikslok. „Ég er virkilega svekktur með að við höfum ekki tekið öll stigin og miður mín að þrír menn geti tekið stigin af okkur með þessum hætti. Það er leiðinlegt fyrir liðið því þær eru að leggja mikið á sig og voru mun betri í leiknum," segir Freyr. omar@frettabladid.is



**MARKI FAGNAÐ** Rakel Logadóttir og félagar í Val fagna fyrra marki liðsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**KÁRI KRISTJÁN** Er í hópnum sem mætir Austurríki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

2012-liðið tilkynnt:

## Mætir Austurríki í kvöld

**HANDBOLTI** Kristján Halldórssson, þjálfari 2012-landsliðs karla svokallaða, hefur valið fimmtán leikmenn sem mæta Degi Sigurðssyni og lærisveinum hans í austurríska landsliðinu í Vodafone-höllinni í kvöld kl. 19.30. Hópinn má sjá hér að neðan. - óþ

**HÓPUR 2012-LIÐSINS**

**Markverðir:**

Arnór Stefánsson, ÍR
Aron Rafn Eðvarðsson, Haukar

**Aðrir leikmenn:**

Arnar Pétursson, Haukar
Arnór Þór Gunnarsson, Valur
Árni Þór Sigtryggsson, Akureyri
Ásbjörn Friðriksson, FH
Einar Ingi Hrafnsson, HK
Elvar Friðriksson, Valur
Ernir Hrafn Arnarson, Valur
Freyr Brynjarsson, Haukar
Haukur Andrésson, GUIF
Kári Kristján Kristjánsson, Haukar
Ólafur Gústafsson, FH
Stefán Baldvin Stefánsson, Fram

Leikmannamál hjá Haukum:

## Elías Már áfram

**HANDBOLTI Elías Már Halldórsson hefur gert tveggja ára samning við Hauka og leikur því áfram með liðinu. Þetta var tilkynnt í gær ásamt því að línumaðurinn Jónatan Jónsson hefði gert þriggja ára samning við Haukana. Hann var í láni hjá FH á síðustu leiktíð.** - esá




Í Markaðnum á morgun

Í BREYTTUM HEIMI GÆTI ÞURFT AÐ HUGSA SMÁTT.

HVERNIG VERÐUR BRUGÐIST VIÐ BREYTTU NEYSLUMYNSTRI?

HOLLRÁÐ UM FRAMSETNINGU EFNIS Á FYRITÆKJAVEFNUM.

Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á morgun

Stefán Gíslason æfði ekki með landsliðinu í Makedóníu í gær:

# Emil mjög líklega klár í slaginn

**FÓTBOLTI** Allar líkur eru á því að Emil Hallfreðsson verði klár í slaginn þegar Ísland mætir Makedóníu ytra í undankeppni HM 2010. Hann missti af leiknum gegn Hollandi á Laugardalsvellinum nú um helgina en beðið var fram á allra síðustu stundu með þá ákvörðun að láta hann ekki spila.

„Emil æfði í dag og kenndi sér einskis meins. Hann er því mjög líklega tilbúinn í leikinn," sagði Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari við Fréttablaðið í gær.

Stefán Gíslason fór meiddur af velli í leiknum við Hollendinga en fór engu að síður með til Makedóníu. „Sú ákvörðun var tekin að láta hann ekki æfa í dag þó svo að batahorfur séu góðar. Hvort hann getur spilað á morgun verður bara að fá að koma í ljós."

Eiður Smári Guðjohnsen meiddist aftan á læri í leiknum gegn Hollandi og fór hann ekki með liðinu utan. „Það var alveg vonlaust að hann gæti verið með. Garðar Jóhannsson á við sams konar meiðsli að stríða og gat ekki spilað með um helgina. Hann er mjög tæpur fyrir leikinn á miðvikudaginn," sagði Ólafur. Garðar fór þó með liðinu til Makedóníu.

Íslenska liðið æfði á sama tíma og leikurinn fer fram á morgun eða klukkan 15.45 að íslenskum tíma. Það var mjög heitt í veðri, um 35 gráður. „Það var nánast óbærilegur hiti. Ég sá leik Makedóna gegn Norðmönnum um helgina og var hann mjög hægur. Þar hefur hitinn haft sitt að segja." - esá



**EMIL HALLFREÐSSON** Getur líklega spilað á móti Makedóníu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# TAX FREE! Hefst í dag!

# TAX FREE!




# ALLT FYRIR ÚTILEGUNA

## ÁN VSK

**Tjöld - Tjaldhúsgögn - Svefnpokar - Loftdýnur - Pumpur - Kælibox - Ferðagasgrill - Einnota grill Ferðaklósett - Leikföng - Flíspeysur - Gönguskór - Vindgallar - Regnföt - Síð nærföt og margt fleira**

**Tax Free - mikið úrval!**




**Gildir í Húsasmiðjunni um land allt**

Úrval getur verið mismunandi milli verslana

HÚSASMIÐJAN x blómaval | Frábær saman

> **Brad Garrett**

„Auðveldasta leiðin til að gera fólk hamingjusamt er að fá það til að hlæja.“

***Garret leikur Eddie Stark í þættinum 'Til Death sem Stöð 2 sýnir í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SPYR UM SÝNINGARTÍMASETNINGAR

# *Hverjir horfa á Shakespeare að næturlagi?*

Svarið við þeirri spurningu er einfalt: kjósi menn að horfa á bíómyndir gerðar eftir verkum Villa frá Stratford þá leigja þeir spólu eða disk, kaupa sér diskinn. Þeir vaka ekki til klukkan hálftólf á laugardagskvöldi og horfa á Kaupmanninn í Feneyjum fram til tvö. Það hefur reyndar lengi vakið mér furðu hvað menn eru til í að keyra dýrt efni á sjónvarpsrásunum fram yfir miðnætti. Nú hafa menn tæki í höndunum til að greina nákvæmlega hvaða áhorf er eftir miðnætti og hverjir eru þá að horfa. Mér finnst oft að við séum í þessum efnum enn stödd í heimsmynd frá því fyrir 2000 meðan aðgengið að myndefni um net var enn í bernsku, fjölvarpsrásir varla komnar á digitalið og vefurinn á brauðfótum.

Hver á að horfa á Al Pacino leika Kaupmanninn í Feneyjum á laugardaginn 20. júní kl. 23.25? Og reyndar fyrst spurt er, er dagskrárstjórnin tilbúin að halda úti opinni línu svo ung börn sem munu sitja við og horfa á American Wedding ásamt foreldrum sínum geti fengið svör við ýmsu vafasömu ungum hugum sem þar er í gangi kl. 20.10? Brundbíó á besta tíma.



**AL PACINO** Hver á að horfa á Pacino leika Kaupmanninn í Feneyjum laugardaginn 20. júní kl. 23.25?

Fullorðinsmynd, eins og það var kallað, American Beauty eftir Sam Mendes, sem gekk hér þokkalega í bíó fyrir tíu árum og var bæði fáanleg á diski og spólum og sýnd á Stöð 2: er ekki dálítið seint að sýna hana kl. 22.55 á laugardaginn kemur?

Og þá er spurt: því finnur maðurinn ekki að hinum rásunum? Stöð 2 er áskriftarstöð – þangað geta óánægðir beint kvörtunum sínum beint. Skjár 1 er auglýsingastöð sem treður auglýsingum inn í nánast hvert gat sem finna má í dagskránni og má í harðnandi umhverfi ætla að þessi skemmtilega tilraun Símans og skyldra aðila taki brátt enda. RÚV er kostuð af skattfé þótt enn séu menn að velta því fyrir sér fyrir hvað hún er. Því er spurt.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **18.00** Ice Age: The Meltdown STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.00** The New Adventures of Old Christine STÖÐ 2



▶ **20.10** Skólaklíkur SJÓNVARPIÐ



▶ **20.15** Grey's Anatomy STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.00** Stylista SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Matta fóstra og ímynduðu vinirnir hennar** (45:53)
**17.55 Þessir grallaraspóar** (2:26)
**18.00 Hrúturinn Hreinn** (25:35)
**18.10 Íslenski boltinn** (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Skólaklíkur** (Greek) (5:10) Bandarísk þáttaröð um systkinin Rusty og Casey Cartwright og fjörugt félagslíf þeirra í háskóla.
**20.55 Óvænt heimsókn** (Uventet besøg: Ástralía) (2:7) Dönsk þáttaröð þar sem sjónvarpskonan Camilla Ottesen heimsækir Dani í útlöndum.
**21.25 Íslenska golfmótaröðin**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Lögregluforinginn - Svikahrappur** (The Commander: The Fraudster) (2:2) Bresk sakamálamynd eftir Lyndu La Plante um Clare Blake sem reynir að klófesta svikahrappa.
**23.15 Ríki í ríkinu** (The State Within) (6:7) Flugvél springur í flugtaki í Washington og í framhaldi af því lendir sendiherra Breta í borginni í snúnum málum.
**00.10 Kastljós** (e)
**00.40 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.20 A Little Thing Called Murder**
**08.00 Firewall**
**10.00 Ice Age: The Meltdown**
**12.00 Jesus Christ Superstar**
**14.00 A Little Thing Called Murder**
**16.00 Firewall**
▶**18.00 Ice Age: The Meltdown** Framhald hinnar geisivinsælu sögu um félagana Diego, Manny og Sid. Þeir félagar þurfa nú að finna sér ný heimkynni þar sem jöklarnir eru byrjaðir að bráðna.
**20.00 Jesus Christ Superstar**
**22.00 Sur le seuil**
**00.00 La Demoiselle d'honneur**
**02.00 Blind Flight**
**04.00 Sur le seuil**
**06.00 Beerfest**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego Afram!, Tommi og Jenni og Krakkarnir í næsta húsi.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (2:25)
**09.55 Doctors** (3:25)
**10.20 Cold Case** (14:23)
**11.05 Logi í beinni**
**11.50 Grey's Anatomy** (5:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Hollyoaks** (207:260)
**13.25 Just My Luck**
**15.05 Sjáðu**
**15.40 Barnatími Stöðvar 2** Tutenstein, Ben 10, Kalli og Lóa og Áfram Diego Afram!
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends** (19:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.35 The Simpsons** (4:25) Áttunda þáttaröðin um Simpson-fjölskylduna óborganlegu og hversdagsleika hennar.
▶**20.00 The New Adventures of Old Christine** (10:10) Christine er fráskilin einstæð móðir sem lætur samviskusemi og óþrjótandi umhyggju í garð sinna nánustu koma sér í eilíf vandræði.
**20.25 'Til Death** (2:15) Brad Garrett leikur sem fyrr fúlan á móti, óþolandi nágranna sem gekk endanlega af göflunum þegar ungt og nýgift par flutti í næsta hús. En svo tókst með þeim hjónum ágætis vinskapur.
**20.50 Bones** (14:26) Dr. Temperance „Bones“ Brennan réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.
**21.35 Little Britain 1** (7:8)
**22.05 Gavin and Stacey** (4:6)
**22.30 The Sopranos** (19:26)
**23.20 Auddi og Sveppi**
**00.00 Grey's Anatomy** (24:24)
**00.45 The Closer** (7:15)
**01.30 Fringe** (20:20)
**02.20 Marines**
**03.55 Just My Luck**
**05.35 Little Britain 1** (7:8)

## SPORT *besta sætið*

**18.05 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bak við tjöldin.
**18.35 Þýski handboltinn - Markaþáttur** Hver umferð gerð upp í þýska handboltanum.
**19.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Hver umferð skoðuð í bak og fyrir.
**19.30 Noregur - Ísland** Útsending frá leik í undankeppni HM en íslenska liðið sýndi oft á tíðum frábæra takta á Ulleval.
**21.15 10 Bestu - Eiður Smári Guðjohnsen**
**22.00 PGA Tour 2009 - Memorial Tournament** Sýnt frá hápunktunum á PGA-mótaröðinni í golfi.
**22.55 Chelsea - Everton** Útsending frá úrslitaleik í ensku bikarkeppninni.
**00.35 NBA tilþrif** Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA-körfuboltanum.
**01.00 Orlando - LA Lakers** Bein útsending frá leik í úrslitarimmunni í NBA.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**19.00 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.
**19.30 PL Classic Matches** Liverpool - Newcastle, 1998. Stórbrotin viðureign frá Anfield þar sem Liverpool og Newcastle mættust. Mörkin létu ekki á sér standa frekar en fyrri daginn í viðureignum þessara liða.
**20.00 PL Classic Matches** Blackburn - Chelsea, 2003. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**20.30 Goals of the Season 1999** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**21.30 PL Classic Matches** Man. Utd - Liverpool, 92/93.
**22.00 PL Classic Matches** Southampton - Tottenham, 1994.
**22.30 Bolton - Middlesbrough** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Óstöðvandi tónlist**
**17.15 America's Funniest Home Videos** (32:48) (e)
**17.40 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**18.25 The Game** (6:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærustur og eiginkonur hörkutólanna í amerísku fótboltanum.
**18.50 This American Life** (5:6) Bandarísk þáttaröð þar sem fjallað er um venjulegt fólk sem hefur óvenjulegar sögur að segja. (e)
**19.20 Family Guy** (1:18) Teiknimyndasería fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor. (e)
**19.45 Everybody Hates Chris** (2:22) Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín að uppvaxtarárum sínum. (e)
**20.10 The Biggest Loser** (20:24) Bandarísk raunveruleikasería þar sem fitubollur berjast við bumbuna.
▶**21.00 Stylista** (2:9) Bandarísk raunveruleikasería frá sömu framleiðendum og gera America's Next Top Model og Project Runway. Hér keppa efnilegir stílistar um eftirsótta stöðu hjá tískutímaritinu Elle. Keppendunum er skipt í lið og falið það verkefni að finna og skrifa um staði sem hafa ekki verið uppgötvaðir ennþá.
**21.50 The Dead Zone** (1:13)
**22.40 Penn & Teller: Bullshit** (2:59) Skemmtilegur þáttur þar sem háðfuglarnir Penn & Teller leita sannleikans. Takmark þeirra er að afhjúpa svikahrappa og lygalaupa með öllum tiltækum ráðum.
**23.10 CSI** (21:24) (e)
**00.00 Flashpoint** (2:13) (e)
**00.50 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Græðlingur** Í umsjón Guðríðar Helgadóttur garðyrkjufræðings.
**21.30 Birkir Jón** Birkir Jón Jónsson alþingismaður fjallar um það sem er efst á döfinni í stjórnmálum líðandi stundar.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

FYRIR



EFTIR




Gott í MATINN
– FYRIR ALLA SEM ELDA –

FERSKUR RJÓMI
Í ENN FERSKARI UMBÚÐUM

Matreiðslurjóminn er lykillinn að góðum sósum og súpum. Í eftirrétti, mjólkurhristinga og búðinga hentar matreiðslurjóminn vel sem fituminni valkostur við hefðbundinn rjóma. Út á ávaxtagrautinn er matreiðslurjóminn ómissandi. Hvernig sem hann er notaður kórónar matreiðslurjóminn matseldina.

Rósfingraður rjóminn leikur við bragðlaukana

ms.is/gottimatinn

HVITA HUSID/SIA -09-0788

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 22.05

### Gavin and Stacey



Breskir gamanþættir um Gavin og Stacey, sem í upphafi þekkjast aðeins í gegnum vinnuna. Þau hafa talað margoft saman í síma en aldrei sést, enda búa þau í sínum landshlutanum hvort. Þau láta svo loksins til skarar skríða, fara á hálfblint stefnumót, og þá verður ekki aftur snúið. Ást við fyrstu sýn er staðreynd sem þau fá ekki flúið hvort sem vinum þeirra líkar betur eða verr. Þættirnir voru einnig frumsýndir í Bandaríkjunum fyrr á árinu við gríðarlega góðar undirtektir gagnrýnenda.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### The Dead Zone

**SkjárEinn kl. 21.50**

Þættir byggðir á metsölubók eftir Stephen King. Eftir sex ár í dái vaknaði kennarinn Johnny Smith með ótrúlega hæfileika. Hann getur séð framtíð þeirra sem hann snertir og þarf oftar en ekki að grípa í taumana til að bjarga lífi og limum viðkomandi. Þetta er síðasta þáttaröðin og lofa framleiðendur mikilli dramatík í kringum Johnny Smith áður en yfir lýkur.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.10** Morgunvaktin heldur áfram
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Óvissuferð - allir velkomnir
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Spillingarbælið Reykjavík
**15.03** Útvarpssagan: Saga af bláu sumri
**15.25** Þriðjudagsdjass
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Sumarraddir
**21.20** Trompetmeistarar sveiflunnar
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Sólon Islandus
**23.00** Gatan mín
**23.45** Kvöldtónar
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (206:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

**17.15 Hollyoaks** (207:260)

**17.40 Ally McBeal** (4:21) Ling slær Richard út af laginu með hreinskilni sinni og Ally leitar lögfræðiaðstoðar þegar fyrrverandi brúður kærir hana fyrir að hafa eyðilagt brúðkaupið hennar.

**18.25 Seinfeld** (10:13) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.

**18.45 Hollyoaks** (206:260)

**19.15 Hollyoaks** (207:260)

**19.40 Seinfeld** (10:13)

▶**20.15 Grey's Anatomy** (7:24) Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á. Líf læknanna ungu hefur tekið stakkaskiptum þegar einn úr hópnum veikist alvarlega.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**22.00 Perfect Day - The Millennium** Í fyrsta hlutanum varð uppi fótur og fit í brúðkaupinu og vinahópurinn hefur sundrast. Í öðrum hluta förum við fimm ár aftur í tímann og hittum hópinn skömmu fyrir aldamót þegar allt lék í lyndi.

**23.40 Entourage** (6:12)

**00.05 Weeds** (15:15)

**00.35 Sjáðu**

**01.05 Ally McBeal** (4:21)

**01.50 Grey's Anatomy** (7:24)

**02.35 Fréttir Stöðvar 2**

**03.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**11.05** Dalziel and Pascoe **11.55** After You've Gone **12.25** The Weakest Link **13.10** EastEnders **13.40** My Hero **14.10** My Hero **14.40** After You've Gone **15.10** The Inspector Lynley Mysteries **16.00** The Inspector Lynley Mysteries **16.45** EastEnders **17.15** The Weakest Link **18.00** My Hero **18.30** After You've Gone **19.00** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **19.30** Rob Brydon's Annually Retentive **20.00** Waking the Dead **20.50** My Hero **21.20** After You've Gone **21.50** The Inspector Lynley Mysteries **22.40** The Inspector Lynley Mysteries **23.25** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **23.55** Rob Brydon's Annually Retentive

## DR 1

**11.00** Sommerminder **11.30** Forandring på vej **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Chapper & Pharfar **14.15** S, P eller K **14.30** Monster allergi **15.00** Store Nørd **15.30** Lille Nørd **16.00** I lære som stjerne **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Mig og min alder **18.00** Ønskehaven **18.30** Reddet af en elefant **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Lewis **21.35** Dødens Detektiver **22.00** Boogie Mix

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.05** Berlin, Berlin **11.30** Ansikt til ansikt **12.00** NRK nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** I sørhellinga **13.00** NRK nyheter **13.05** Jessica Fletcher **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Harry - seks år og kokkelærling **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Dora utforskeren **16.25** Travelbymysteriene **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Grønn glede **17.55** Skjergardsmat **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Antarktis i blodet **20.20** Extra-trekning **20.30** Safari **21.00** Kveldsnytt **21.15** Meg, meg selv og Stanley **22.40** Si ja, bli min **23.10** Kulturnytt **23.20** Jazz jukeboks

## SVT 1

**11.45** Supé för två **13.15** The Bedford Diaries **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Pistvakt **15.25** Sjukan **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Allt ljus på **16.55** Anslagstavlan **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Vem tror du att du är? **19.00** Krig och fred **20.45** Kulturnyheterna **21.00** Sommartid **21.30** Sommer **22.30** Hammarkullen **23.30** Sändningar från SVT24




## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hlusta mikið á Road of the Gypsies, sem er tvöfalt albúm með sígaunatónlist úr öllum heiminum, m.a. frá Goran Bregovic. En ef ég þarf extra orkuskot hlusta ég á (You Make Me Feel Like) A Natural Woman með Arethu Franklin.“*

Hildur Inga Björnsdóttir fatahönnuður.

# Ódýr leiga í Ó. Jónsson og Kaaberhúsi

„Þetta er einfaldlega of góður díll til að sleppa án þess að kanna til hlítar hvort áhugi sé fyrir hendi,“ er letrað með hástöfum í bréfi sem sent hefur verið út meðal kvikmyndagerðarmanna.

Þar kemur fram að kvikmyndagerðarmenn hafi undanfarið verið í viðræðum við Nýja Kaupþing um möguleika á að taka á leigu Heimilistækjahúsið við Sætún, svonefnt Ó. Jónson og Kaaber-hús: Skrifstofuhæðir, verslunarhúsnæði Heimilistækja og eina hæð í gömlu kaffibrennslunni sem rukkað er fyrir. „Með fylgir, leigufrítt, efri hæð og kjallari kaffibrennslunnar, skemmur sem má nota sem stúdíó (og hafa verið notaðar sem stúdíó, Veðramót var tekin þar) og geymslur af ýmsum stærðum og gerðum.“ Þá segir í bréfinu að grunnleiguverð sé áætlað 500 krónur á fermetra. „Það gerist ekki ódýrara. Og það er möguleiki á að ná verðinu enn frekar niður.“

Ari Kristinsson, formaður SÍK (Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda), hefur farið fyrir kvikmyndagerðarmönnum í þessu máli. Hann segir ekkert frágengið í þessum efnum. Kvikmyndagerðarmenn hafi vissulega staðið í viðræðum við Landfestar, sem eru skráðir eigendur eignarinnar, en þarna sé verið að kanna hvort koma megi saman nægilega stórum hópi kvikmyndagerðarmanna til að leggja megi fram tilboð í þessa átt. Það sé hins vegar langt í frá í hendi. „Ekki hafa nógu margir getað losað sig úr því húsnæði sem þeir eru í vegna langtímaleigusamninga,“ segir Ari. Í frétt sem blaðið birti í febrúar kemur fram að myndlistarmenn hafi sýnt því áhuga að komast í húsið. Ari segir að Listaháskólinn hafi á sínum tíma sýnt því áhuga að fara þangað inn en hann hafi fengið, sér að kostnaðarlausu, annað húsnæði.

- jbg



**KVIKMYNDAGERÐARMENN KANNA HÚSNÆÐIÐ** Í febrúar fór hópur þekktra kvikmyndagerðarmanna, með þá Ara Kristinsson og Halldór Þorgeirsson í broddi fylkingar, á vettvang og hugaði að aðstæðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**LÁRÉTT**
**2.** stagl, **6.** í röð, **8.** stal, **9.** farfa, **11.** nesoddi, **12.** einkennis, **14.** létt hlaup, **16.** drykkur, **17.** ferðalag, **18.** angra, **20.** óreiða, **21.** kvenflík.

**LÓÐRÉTT**
**1.** fugl, **3.** strit, **4.** skemill, **5.** skjön, **7.** kurteisi, **10.** hald, **13.** mærð, **15.** malargryfja, **16.** skaði, **19.** skammstöfun.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** tafs, **6.** rs, **8.** tók, **9.** lit, **11.** tá, **12.** aðals, **14.** skokk, **16.** te, **17.** för, **18.** ama, **20.** rú, **21.** pils.

**LÓÐRÉTT: 1.** erla, **3.** at, **4.** fótskör, **5.** ská, **7.** siðsemi, **10.** tak, **13.** lof, **15.** krús, **16.** tap, **19.** al.






**HLJÓMSVEITIN JÚPITERS** Júpíters efnir til alvöru endurkomu með dansleik á Nasa 19. júní. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

ÓVIRKI ORGANISTINN: TÓKU SIG UPP GAMLAR SÖMBUR OG GÖMBUR

# Júpítersófétið ekki hamið

„Við tókum nokkur lög fyrir Steingrím. Og þá tóku sig upp gamlar sömbur og gömbur. Þetta Júpítersófeti varð strax illviðráðanlegt, ný músík og aldrei verið brjálaðra,“ segir Pétur Zari áður Hörður Bragason sem titlar sig óvirkan organista.

Hljómsveitin Júpíters var stofnuð árið 1989 og starfaði grimmt í um 5 ár – við mikinn fögnuð. Fyrir réttum mánuði hittust félagarnir aftur eftir rúmlega 15 ára hlé og spiluðu fáein lög í Þjóðleikhúskjallaranum vegna fjársöfnunar fyrir Steingrím Eyfjörð gítarleikara sveitarinnar sem á við veikindi að stríða. Nú hefur verið ákveðið að efna til alvöru endurkomu Júpíters með dansleik á Nasa 19. júní, á kvenréttindadaginn. Hörður segist ekki hafa hugmynd um hvers vegna kvenréttindadagurinn varð fyrir valinu. „Það var einu sinni kona í hljómsveitinni. Bíbobb Biddý. Hún gerðist svo víóluleikari og fluttist til Svíþjóðar þar sem hún svamlar um í einkasundlaug sinni.“ Hörður segir að ástæðan gæti líka hafa verið sú að þegar þeir voru sem virkastir fyrir tæpum tuttugu árum spiluðu þeir nánast alla daga nema engan rekur minni til þess að Júpíters hafi komið fram á kvenréttindadeginum.

Meðlimir þessarar merkilegu hljómsveitar eru af öllum þjóðfélagsstigum: akfeitir framkvæmdastjórar, vannærðir auðnuleysingjar, mótórhjólatöffarar á eftirlaunum og einn Vestmannaeyingur. Hörður er hljómsveitarstjóri og hann segir ekki algerlega fyrirliggjandi hversu margir meðlimirnir séu núna. „Ég held ég hafi talið þrettán á síðustu æfingu. Kannski var einn hálfur. Ég held að tólf og hálfur sé nærri lagi.“ Hörður segir merkilegt að ekki hafi þurft að vekja skrímslið. Rétt að stjaka við því en ekki þurfti að dusta af því rykið. „Blóðið streymdi um búk skrímslisins. Þetta er ekkert venjulegt ófeti. Við ráðum engu um hvar þetta endar. Júpítersskrímslið hefur sinn eigin vilja,“ segir Hörður, sem er titlaður óvirkur organisti í símaskrá. Hann sagði upp sem organisti Grafarvogskirkju fyrir ári en hafði áður komist að því, eftir grams í tölvu söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar, að til er flokkur óvirkra organista.

jakob@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Andrés Jónsson markaðsmaður hitti **Jón Gerald Sullenberger** í gær og var tilgangurinn sá að ræða það hvernig best væri að kynna til sögunnar nýja lágvöruverðsverslun sem Jón Gerald ætlar að setja á fót. Hugmyndin er að efna til samkeppni meðal almennings um nafn á verslunina. Þó fjármögnun hafi gengið treglegar en vonir stóðu til í upphafi mun engan bilbug að finna á Jóni Gerald.

Líkamsræktaræðið sem gjarnan rennur á landsmenn eftir hátíðir virðist ekkert í rénun þetta árið nema síður sé. Þannig til dæmis fylgjast Facebook-vinir **Björns Inga Hrafnssonar** með fyrirætlunum hans um að verða „helköttaður“ innan tíðar. Hann lýsir yfir ánægju sinni með World Class en spyr hvort „Crossfit“ eða „Boot-Camp“ sé sniðugt tímabundið átak til að koma sér í gang?



Fjölmargir lögðu leið sína í þrítugsafmæli **Lilju Nætur Þórarinsdóttur**, sem haldið var í Stúdíói Saga Film á laugardag. Gengust gestir undir sérstakt ljótufatabþema og mátti meðal annarra sjá Vigni Rafn Valþórsson, Walter Geir Grímsson og Bjart Guðmundsson, tilvonandi Grease-stjörnur, skarta sínu ljótasta. Anna Rakel Róbertsdóttir fyrirsæta og plötusnúður þeytti skífum. Þá mátti sjá Thelmu Björk Jónsdóttur, hönnuð, smekklega klædda að vanda. - jbg, kbs









# Benni stýrir Íslandsklukkunni

Setja á upp Íslandsklukkuna í tilefni afmælis Þjóðleikhússins og Halldórs Laxness, sumardaginn fyrsta 2010. Kemur hún í kjölfar Gerplu, sem sýnd verður um jólin.

Mun Benedikt Erlingsson sjá um leikstjórn, en hann sér einnig um að útbúa nýja leikgerð. Þá mun Finnur Arnar Arnarsson sjá um leikmynd.

Spurður hvort sýningin verði stór í sniðum svaraði Benedikt: „Verður ekki að halda veglega upp á afmæli? Þetta eru erfiðir tímar á þessari litlu eyju og Þjóðleikhúsið okkar þarf að setja upp stór verk á erfiðum tímum. Verk sem fjalla um eitthvað sem skiptir máli.“

Benedikt er byrjaður á leikgerðinni, en Íslandsklukkan er „heljarinnar verk“ að hans sögn. Hann segist hafa það að leiðarljósi að bæta engu við, heldur fara eftir ráðum Halldórs sjálfs forðum og strika sem mest út, helst allt.

Benedikt telur viðfangsefni Íslandsklukkunnar eiga vel við í dag. „Íslandsklukkan er mjög miðlægt verk í þjóðarvitund okkar. Þar er tekist á við stórar spurningar um marga hluti, um okkur sem þjóð og hlutskipti okkar meðal annarra þjóða, um orðstírinn. Þarna er einnig tekist á um glæpi og dóma, kúgun fjármagns- og konungsvaldsins á alþýðu manna. Þetta er verk um tíma þar sem ekki hefði verið vanþörf á eins og einni búsáhaldabyltingu. Um leið er þetta um það sem skiptir máli, um stóru gildin, sögurnar okkar og kvæðin.“ - kbs

**HVERJUM KLUKKAN GLYMUR** Benedikt Erlings leikstýrir og aðlagar Íslandsklukkuna fyrir svið.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Vandaðu valið - Hagstætt verð



**Italsofa** *The Italian touch*

Glæsilegt og vandað ítalskt leðursófasett 3+1+1
með þykku nautaleðri

Verð áður kr. 589.000.-
**Verð nú kr. 353.000.-**



Afar vandað stækkanlegt borð
fyrir 6-20 manns

Ljós eik, massív sápuþvegin eik,
kirsuber,tekk og hnota



skovby® Excellent Dining Rooms

Borð: verð áður kr. 332.000.- **Verð nú kr. 199.000.-** Stóll: verð áður kr. 49.500.- **Verð nú kr. 29.700.-**

Mikið úrval af borðstofusettum



Borð: verð áður kr. 248.500.- **Verð nú kr. 149.000.-**
Stóll m/púða: verð áður kr. 56.500.- **Verð nú kr. 34.000.-**

Afar vönduð sænsk KWA garðhúsgögn úr gangvörðum við



Verð áður kr. 499.000.- **Verð nú kr. 299.000.-**

Corrine vandað leðursófasett 3+1+1



Hvíldarstoll með skemli
og sterku áklæði eða
leðri - Margir litir



Hvíldarstóll með leðuráklæði og skemli.
Litir: Beige, brúnt, svart og rauðbrúnt.

Hvíldarstólar: Verð áður kr. 165.000.-
**Verð nú kr. 99.000.-**

**Val húsgögn**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275 ■ 568-5375**

Opið virka daga kl. 10-18
**Laugardaga kl. 11-16**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



LYFJA
- Lifið heil
www.lyfja.is
Opið 07 til 01
Lyfja Lágmúla


**BAKÞANKAR**
**Páls Baldvins Baldvinssonar**



## *Allt í fári*

Þeir segja sumir að við plummum okkur best í fári, einhverjum djöfulgangi þegar allar hendur eru kallaðar á dekk og hver maður dreginn í aðgerð. Þetta er vitaskuld erfðabundinn fjandi fólki sem varð að vinna í törnum og hamaðist í kappi við tímann: þurrkurinn var úti, sól farin bak við ský, vindátt að breytast. Hvort sem það var hey á velli, kös á bryggju, það varð að koma heyjum í hús, fiski í salt, fé af fjalli. Lífsafkoman var undir því komin að unnið væri hratt og allir hjálpuðust að. Svo mátti dóla sér við rólegri verkefni vetrarlangt. Vefa, prjóna sokkaplögg, annað smálegt. Við erum hrotufólk.

**NÚ REYNIST** tíminn ekki nægur, veturinn hefur ekki dugað okkur til, hvorki til ráðagerða né úrlausna. Og við sem töldum okkur geta tekið törnina á fjármálalíf heimsins, grætt reiðinnar býsn á skömmum tíma, verðum nú að taka okkur tíma til að fatta það sem öllum átti víst að vera ljóst í haust. Að því okkur er sagt. Og það er sama hvað hver segir: háum sem lágum virðist ekki hafa skilist hver raunveruleg staða þjóðarbúsins er.

**OG NÚ** rifja menn upp ársgamlar tölur úr landsfrægum milliuppgjörum bankanna og vantar stórt uppá: er nema von að menn spyrji upp á amerísku: Where is the money – hvert fóru peningarnir? Getur ekki einhver klár endurskoðandi úr endurskoðunum bankanna svarað því?

**OG NÚ** endasnýst allt í hausnum á fólki. Besservisserar standa upp öskrandi og þykjast þess fullvissir að þeirra taktík hefði virkað. Hinir, pólitíkusar og embættismenn, okkar fólk, ver aðgerðir sínar og segir nauðvörnina vera einu leiðina í málinu. En nauðvarnir eru það sjaldnast, nánast aldrei. Og í nauðvörn, rétt eins og þegar bjarga þarf heyjum eða landafla, er hættast við að hey spillist í atganginum og afli fari forgörðum, úldni í haugum.

**ÞAÐ ER** eins og við séum að lifa slíkt núna. Síðustu sólarhringar eru dapurlegur tími snemmsumars þegar tíðin ætti að vera ljúfust. Og enn bætist á vantrú á stjórnmálamönnum, embættismönnum, fólki úr fjármálalífinu. Og tiltrúin á hreppnum, þessu aflagða gamla norræna fyrirbæri sem við lögðum af fyrir fáum árum, en er hér enn í óeiginlegri merkingu, virðist gleymd: hreppurinn sem annast þá sem verða heylausir, matarlitlir og geta ekki björg sér veitt.

**ÞÁ ER** holt að muna að enginn er eyland – sjálfum sér nógur – öll erum við hluti meginlandsins.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 9. júní, 160. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.06 | 13.27 | 23.50 |
| Akureyri | 2.03 | 13.12 | 0.24 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


